# FRÉTTABLAÐIÐ

168. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 18. JÚLÍ 2018





**Yfirvinnubann ljósmæðra er hafið og leggst ofan á það neyðarástand sem ríkt hefur á Landspítalanum vegna kjaradeilu ljósmæðra og ríkisins að undanförnu. Engin lausn virðist í sjónmáli og næsti fundur verður ekki fyrr en á mánudag, að öllu óbreyttu. Mörg hundruð manns mættu á Austurvöll í gær til þess að sýna ljósmæðrum samstöðu.** Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Kaupa í 66°Norður fyrir fjóra milljarða

**Bandarískur sjóður hefur keypt tæplega helmingshlut fyrir jafnvirði um 3,7 milljarða króna. Meirihlutaeigendur 66°Norður segja engar breytingar verða á lykilstjórnendum eða stjórn fyrirtækisins. Rothschild og Lárus Welding voru ráðgjafar seljenda í viðskiptunum.**

**VIÐSKIPTI** Bandarískur fjárfestingarsjóður hefur eignast tæplega helmingshlut í Sjóklæðagerðinni 66°Norður. Gengið var frá kaupunum í byrjun þessa mánaðar og nemur kaupverðið fyrir hlutinn um 30 milljónum evra, jafnvirði um 3,7 milljarða íslenskra króna, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri fyrirtækisins, staðfestir að búið sé að selja minnihluta í fyrirtækinu. Eigendur 66°Norður, sem eru Helgi og kona hans Bjarney Harðardóttir, hafa á undanförnum mánuðum unnið að því í samvinnu við ráðgjafarfyrirtækið Rothschild í London að fá inn erlendan fjárfesti til að tryggja fjármögnun á áframhaldandi uppbyggingu félagsins erlendis.

„Þeirri fjármögnun er nú lokið og hefur alþjóðlegur fjárfestingarsjóður, sem hefur mikla trú á merkinu, keypt minnihluta í félaginu. Engin breyting er á stjórn eða lykilstjórnendum félagsins,“ segir í svari hans við fyrirspurn Markaðarins.

Ekki fást staðfestar upplýsingar um nafn fjárfestingarsjóðsins en eftir því sem Markaðurinn kemst næst er um að ræða bandarískan sjóð sem hefur ekki áður komið að fjárfestingum á Íslandi.

Samkvæmt heimildum blaðsins festi sjóðurinn kaup á stórum minnihluta í fyrirtækinu, eða hátt í 50 prósenta hlut, en miðað við kaupverðið er heildarvirði 66°Norður í kringum sjö milljarðar króna.

> **3,86**
> **milljarðar voru heildartekjur 66°Norður í fyrra.**

Auk Rothschild var Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, á meðal ráðgjafa seljanda í viðskiptunum.

Heildartekjur 66°Norður, sem rekur tíu verslanir hér á landi og þrjár í Kaupmannahöfn, jukust um sex prósent í fyrra og námu samtals um 3,86 milljörðum króna.

Fyrirtækið hefur verið rekið með tapi síðustu ár og á árinu 2017 var það um 115 milljónir. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam tæplega 161 milljón á síðasta ári og minnkaði um 65 milljónir frá fyrra ári.

**– hae /** **sjá Markaðinn**

## Húsleit rataði í pólska fjölmiðla

**LÖGREGLUMÁL** Mál pólskra verslunarmanna sem reka matvöruverslanirnar Euro Market hér á landi er enn í gangi og snýr meðal annars að fíkniefnainnflutningi og -framleiðslu, peningaþvætti og fjársvikum.

Málið er unnið í samráði við pólsk yfirvöld og sendi íslenska lögreglan þeirri pólsku myndbandsupptöku af lögregluaðgerðum á heimili sakbornings í Kópavogi. Á myndskeiðinu sjást heilu seðlabúntin, hamar og fleira.

Steinbergur Finnbogason, verjandi mannsins, segir upptökuna brjóta í bága við íslensk lög auk þess sem lögreglan hafi ítrekað brotið meðalhófsreglu með beitingu frelsisskerðingar. Hann gagnrýnir framgöngu lögreglu í málinu.

**– aá /** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þröstur Ólafsson skrifar um búvöruframleiðslu og misvægi atkvæða. 9

**SPORT** Heimir Hallgrímsson segist ekki hafa viljað binda sig til langs tíma. 10

**MENNING** Vinirnir Óskar og Ife bjóða upp á brasilíska tóna. 32

**LÍFIÐ** Sól, rokk og ról á Eistnaflugi. 36

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- FÓLK
- MARKAÐURINN




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðlæg átt, 3-10 í dag og þykknar upp S- og V-lands með dálítilli vætu við ströndina en síðan rigningu í kvöld, jafnvel talsverðri á SV- og S-landi. Víða bjartviðri fyrir austan.

SJÁ SÍÐU 14

# Hreinsað til



Sólin lék við borgarbúa í gær. Þessi harðduglegi starfsmaður var í óðaönn að hreinsa til eftir að þessi grænu og fallegu tré við Landssímareitinn höfðu verið felld þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Framkvæmdir á reitnum standa enn yfir en þar mun Icelandair hótel starfrækja hótel undir merkjum Curio by Hilton og til stendur að endurreisa tónleikastaðinn Nasa í upprunalegri mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Æfur yfir leti samlanda sinna

**NORÐUR-KÓREA** Rodong Sinmun, ríkisdagblað Norður-Kóreu, birti í gær sex fréttir um heimsóknir Kim Jung-un í fyrirtæki þar í landi. Í þeim kom fram óvenju hörð gagnrýni á embættismenn einræðisherrans og almennt starfsfólk.

Gagnrýndi Kim til að mynda harðlega að ekki hefði enn tekist að klára byggingu Orangchon-vatnsaflsvirkjunarinnar þótt framkvæmdir hefðu hafist fyrir sautján árum. Þá var hann afar óánægður með hversu skítug baðkörin í Onpho-sumarbúðunum væru.

„Þegar hann skoðaði baðherbergi búðanna benti hann á afar slæmt ásigkomulag þess, sagði baðkörin óhrein vegna lélegrar frammistöðu yfirmanna. Ef búðirnar eru gagnrýndar á þennan hátt eru stjórnendur þeirra að syndga og koma óorði á hina miklu leiðtoga sem byggðu sumarbúðirnar,“ sagði meðal annars í blaðinu. Sagði þar að Kim hefði tjáð viðstöddum þá trú sína að flokknum myndi takast að auka lífsgæði íbúa til muna með því að hvetja verkamenn til dáða.

Með framgöngu sinni mun Kim vera að benda á mikilvægi umbóta í atvinnulífinu og hagkerfinu. Hann vilji jafnframt sýna erlendum fjölmiðlum þessa hlið á sér. Það er að segja að hann sé að einbeita sér að lífsgæðum Norður-Kóreumanna, sem hann beitir reyndar grófum mannréttindabrotum, en ekki hergagnasmíði. – þea



Kim Jong-un, einræðisherra.

## Skattsvik upp á 15 milljarða

**SKATTAMÁL** Rannsókn skattrannsóknarstjóra á svonefndum Panamaskjölum hefur leitt í ljós stórfelld skattaundanskot í 57 málum. Um er að ræða undanskot upp á 15 milljarða króna. Embættið hefur lokið rannsókn á 89 málum og eru 14 mál enn í vinnslu.



Þetta kemur fram í skriflegu svari frá Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra við fyrirspurn frá Oddnýju Harðardóttur, þingmanni Samfylkingarinnar. Óvíst er hversu mikið mun innheimtast af þessari upphæð en málunum 57 hefur öllum verið vísað til héraðssaksóknara. Rannsóknin hófst eftir að skattrannsóknarstjóri keypti gögn um Íslendinga í skattaskjólum í kjölfar Panamalekans árið 2016. – sks

# Sjónvarpsútsendingin veglegri en áætlað var

**Forseti Alþingis segir auknar kröfur um gæði sjónvarpsútsendingar skýra aukinn kostnað við hátíðarfund Alþingis á Þingvöllum. Þingmaður Pírata segir að þetta hefði mátt vera ljóst frá upphafi. Hátíðarfundurinn hefst klukkan 14 í dag.**

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, segir aukinn kostnað við hátíðarþingfund Alþingis á Þingvöllum fyrst og fremst skýrast af mun veglegri sjónvarpsútsendingu en gert var ráð fyrir í upphafi. Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær er áætlaður kostnaður við fundinn nú talinn 70 til 80 milljónir króna en upphafleg áætlun hafði gert ráð fyrir 45 milljóna króna kostnaði.

Hann segir að upphafleg áætlun hafi verið með fyrirvörum um nánari útfærslu. „Við reynum samt að hafa umgjörð eins einfalda og hægt er. Stærsta frávikið er í gæðum útsendingar. Kröfur tímans kalla á aukin gæði sem auka kostnaðinn. Öll þjóðin á að geta fylgst með hvar sem hún er á landinu.“

Steingrímur segir ástæðu til að leggja áherslu á að allir séu velkomnir á fundinn á Þingvöllum en hann hefst klukkan 14 í dag.

„Það var tekin ákvörðun um það á sínum tíma að halda veglega upp á fullveldisafmælið og ákveðið að setja fjármuni í það. Þessi hátíðarfundur á Þingvöllum er liður í því en ég minni á að allt árið er undir með fjölda annarra viðburða,“ segir Steingrímur.

Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, sendi Steingrími fyrirspurn í vor um kostnað við hátíðarfundinn. Hann segist hissa á þessum mikla aukakostnaði. „Þetta er eitthvað sem ég hefði haldið að væri ekki ófyrirsjáanlegt, ætti að vera frekar augljóst,“ segir Björn Leví.

„Það er ekkert að því að halda svona hátíð og um að gera að fagna þessu 100 ára afmæli fullveldisins. Við gætum samt gert þetta aðeins betur. Ég veit til dæmis ekki hvort þessi þingfundur er rétt athöfn. Mér finnst óþægilegt að sitja á einhverjum palli. Ég hefði persónulega frekar viljað vera áhorfandi.“



Kostnaður við fundinn fór umtalsvert fram úr áætlun vegna veglegri sjónvarpsútsendingar en gert hafði verið ráð fyrir. MYND/EINAR Á.E. SÆMUNDSEN

> Þetta er eitthvað sem ég hefði haldið að væri ekki ófyrirsjáanlegt, ætti að vera frekar augljóst.
>
> Björn Leví Gunnarsson, þingmaður

Hann segir það einkennandi fyrir Alþingi að við þetta tækifæri eigi að afgreiða mál með hraði. Það sé til að mynda sérstakt að nú sé ákveðið að veita 3,5 milljörðum í nýtt hafrannsóknaskip. Hann hafi áður spurt ráðherra sérstaklega að því í þinginu hvort nýtt hafrannsóknaskip rúmaðist innan ramma fjármálaáætlunar og fengið þau svör að svo væri ekki. Hann viti því ekki hvaðan þessir peningar komi.

Þá gagnrýndu átta bókaútgefendur þingsályktunartillögu sem til stendur til að samþykkja á Þingvöllum í dag og snýr að útgáfu ritverka um Þingvelli í íslenskri myndlist og sögu íslenskra bókmennta frá landnámi til 21. aldar.

Samkvæmt tillögunni mun Alþingi ganga til samstarfs við Hið íslenska bókmenntafélag um útgáfu umræddra verka. Segja útgefendurnir í aðsendri grein í Morgunblaðinu að þingið verði að tryggja jafnræði hvað varðar aðkomu útgefenda. Þessi vinnubrögð séu afturhvarf til fortíðar. sighvatur@frettabladid.is






© Inter IKEA Systems B.V. 2017

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **IKEA.is**



**Ekki er þörf á göngum undir Digraneshæð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Kópavogsgöng út af kortinu

**SAMGÖNGUR** „Forsendur breytinga eru að samkvæmt umferðargreiningu og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er ekki þörf á Kópavogsgöngum í umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins," segir í tillögu um að horfið verði frá gerð Kópavogsganga undir Digranesháls.

Tillagan, sem var samþykkt í skipulagsráði Kópavogs, felur jafnframt í sér nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu við Dalveg. Enginn mætti á kynningu vegna málsins og enginn sendi inn athugasemdir. Bergljót Kristinsdóttir, fulltrúi Samfylkingar í skipulagsráði, kvaðst hins vegar á fundinum andvíg því að spyrða þetta tvennt saman í eina tillögu.

„Æskilegt væri að nota tækifærið og fara í allsherjar hugmyndasamkeppni um Kópavogsdalinn og þjónustusvæðið efst við hann, þar sem sett væri fram framtíðarsýn um nýtingu svæðisins í heild í stað þess að bútasauma hvert svæði fyrir sig," bókaði Bergljót. Undir þetta tók Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, fulltrúi Pírata. **- gar**

## Hundsbitin hátt í 700 talsins

**DÝR** Á árunum 2013-2017 leituðu einstaklingar í 640 skipti aðstoðar á sjúkrahúsi eða heilsugæslu eftir að hafa verið bitnir af hundi. Þetta kemur fram í skriflegu svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Píratans Björns Levís Gunnarssonar.

Í svarinu kemur fram að í langflestum tilfellum hafi áverkarnir verið flokkaðir sem engir eða litlir. Í fimm tilfellum hafi þeir verið „meðalalvarlegir" en dæmi um áverka sem falla í þann flokk eru tognun, ristarbrot og handleggsbrot.

Möguleiki er á að tilfellin séu fleiri en 640. Ekki bárust upplýsingar frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Í tölum frá Heilbrigðisstofnun Austurlands voru tilgreindir 98 áverkar eftir dýrbit en ekki var hægt að greina út frá skráningu um hvaða dýr var að ræða í hverju tilfelli fyrir sig. **– jóe**

# Gagnrýnir rannsókn lögreglu á kaupmönnum í Euro Market

**Verjandi eiganda Euro Market gagnrýnir aðgerðir lögreglu í tengslum við málið. Segir umfang málsins mun minna en lögregla gefi í skyn og ítrekað hafi verið brotið á réttindum skjólstæðings síns við rannsóknina. Þá hafi lögreglan brotið lög með því að senda frá sér upptöku af lögregluaðgerðum á heimili sakbornings.**

**LÖGREGLUMÁL** Mál pólskra verslunarmanna sem reka matvöruverslanirnar Euro Market er enn til rannsóknar hjá lögreglu. Að sögn Margeirs Sveinssonar, yfirmanns miðlægrar deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, beinist rannsóknin að fíkniefnainnflutningi og peningaþvætti, og einnig að fjársvikum, brotum á vopnalögum, lyfjalögum og fíkniefnaframleiðslu.

„Mjög erfitt er að segja til um þann fjölda sem hefur réttarstöðu sakbornings en það má ætla að þar sé um að ræða um 15 manns," segir Margeir aðspurður um fjölda grunaðra í málinu. Sum málanna séu þegar komin til ákærusviðs en önnur ekki. Hann segir að þeir þættir málsins sem enn eru til rannsóknar lúti fyrst og fremst að peningaþvætti og fjársvikum og rannsóknin sé unnin í samstarfi við erlend lögregluyfirvöld.

„Málið virðist vera að minnka verulega að umfangi og er hvorki fugl né fiskur miðað við þá alþjóðlegu skrautsýningu sem sett var upp og kölluð blaðamannafundur á sínum tíma," segir Steinbergur Finnbogason, verjandi annars eiganda matvöruverslananna og þess sakbornings sem lengst sat í gæsluvarðhaldi vegna málsins.

Steinbergur bendir á að við húsleitirnar sem framkvæmdar voru í desember, bæði hér á landi og í Póllandi, hafi engin fíkniefni fundist og þegar grannt sé skoðað hafi málflutningur lögreglu um fíkniefnainnflutning ávallt verið á miklu reiki. Í farbannsúrskurði sem kveðinn var upp yfir sakborningnum 18. janúar segir meðal annars að hann sé grunaður um aðild að innflutningi fíkniefna frá Póllandi til Íslands og Bretlandseyja „sem nemi ekki minna en átta kílógrömmum af amfetamíni í duftformi og ekki minna en 26 lítrum í vökvaformi, auk aðildar að innflutningi á 1000 e-töflum".

Margeir segist aðspurður ekki kannast við framangreint magn.

Steinbergur bendir einnig á að verslanirnar, sem lögregla hafði til rannsóknar vegna gruns um umfangsmikið peningaþvætti, séu enn í fullum rekstri. „Verslanirnar veltu 480 milljónum árið 2016 og það er enga breytingu að merkja á rekstrinum fyrir og eftir aðgerðir lögreglu." Í kjölfar aðgerðanna hafi lögregla sent greiðslumiðlunarfyrirtæki athugasemdir, sem hafi afturkallað og lokað posasamningum og allt hafi stefnt í að verslununum yrði lokað. Á síðustu stundu hafi saksóknari látið greiðslumiðlunina vita að rannsókn væri ekki lengur í gangi, í gegnum posakerfið og því var posasamningurinn framlengdur og ekki kom til lokunar.



**Boðað var til blaðamannafundar vegna rannsóknarinnar í desember síðastliðnum. Pólska og hollenska lögreglan sat einnig fundinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR







**Seðlabúnt og hamar er á meðal þess sem sést á myndskeiðinu. Húsleitin var gerð á heimili mannsins í Kópavogi en hann býr þar með konu sinni og barni.**

Steinbergur segir lögreglu hafa vísað með villandi hætti til haldlagðra eigna að verðmæti 200 milljóna. Þvert á það sem ætla mætti, sé þarna að stærstum hluta um að ræða íbúðir í Breiðholti og á þeim hvíli lán upp á 170 milljónir. Haldlagðar eignir séu því í raun ekki nema í mesta lagi 30 milljónir.

Steinbergur hefur furðað sig mjög á allri framgöngu lögreglunnar í málinu, ekki eingöngu vegna umfangs rannsóknarinnar og þess sem upp úr krafsinu virðist ætla að koma, heldur hafi einnig verið óvenjuhart fram gengið í rannsóknaraðgerðum og ítrekað með ólögmætum hætti.

> Málið virðist vera að minnka verulega að umfangi og er hvorki fugl né fiskur miðað við þá alþjóðlegu skrautsýningu sem sett var upp.
>
> Steinbergur Finnbogason, lögmaður



Nefnir Steinbergur sem dæmi að framkvæmd húsleitar á heimili mannsins í desember, sem gerð var af íslensku lögreglunni með aðstoð pólskra yfirvalda, hafi verið tekin upp á myndband, í bága við íslensk lög og upptakan send pólskum fjölmiðlum sem birtu opinberlega upptöku af lögregluaðgerðum inni á heimili fjölskyldu mannsins í Kópavogi en hann á bæði sambýliskonu og unga dóttur.

Steinbergur bendir einnig á að lögreglan hafi ítrekað brotið meðalhófsreglu með beitingu frelsisskerðingar. Eftir mánuð í gæsluvarðhaldi hafi Landsréttur fellt úr gildi úrskurð um framlengt gæsluvarðhald og lagt þess í stað á manninn farbann með vísan til meðalhófs. Í kjölfarið hafi lögregla, þrátt fyrir úrskurðinn, birt manninum ákvörðun um að hann skuli tilkynna sig tvisvar á dag á lögreglustöðinni við Hlemm. Steinbergur kærði ákvörðunina til héraðsdóms sem felldi ákvörðunina úr gildi með vísan til brots á meðalhófsreglu. Í kjölfarið birti lögregla manninum nýja ákvörðun, um að hann skyldi mæta einu sinni á dag, á lögreglustöðina í Kópavogi. Enn var kært og ákvörðunin felld úr gildi

„Það er áleitin spurning hvort þessi framganga lögreglunnar litist annaðhvort af hinum digurbarkalegu yfirlýsingum í byrjun eða af þjóðerni viðkomandi. Hvort tveggja væri mjög slæmt fyrir ímynd og orðspor lögreglunnar," segir Steinbergur. **adalheidur@frettabladid.is**


MAMMA MIA!



5 ÁRA ÁBYRGÐ

FIAT 500 Á FRÁBÆRU FIAT-SUMARTILBOÐI

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.990.000 KR. – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.FIAT.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 4. ÁGÚST




ALLGRIP

4WD All-grip skapar akstursetginleika í sérflokki.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Obama skaut fast á Trump í ræðu í afmælisveislu Nelsons Mandela

**SUÐUR-AFRÍKA** Ræða Baracks Obama, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, á hundrað ára afmælishátíð Nelsons Mandela í Jóhannesarborg í Suður-Afríku vakti mikla lukku viðstaddra í gær. Fimmtán þúsund mættu til að hlýða á ræðuna og fór forsetinn fyrrverandi fögrum orðum um Mandela, en báðir voru þeir fyrstu svörtu forsetar ríkja sinna.

Hins vegar fór Obama ekki jafnfögrum orðum um eftirmann sinn, Donald Trump.

Obama sagði baráttu Mandela í upphafi hafa snúist um ættjörðina, um Suður-Afríku. „En fórnfýsi hans og leiðsögn, og helst af öllu það siðferðislega fordæmi sem hann setti, gerðu það að verkum að hreyfingin varð stærri og þýðingarmeiri. Ljós Mandela skein svo skært úr þessum litla klefa á Robbeneyju að jafnvel á áttræðisaldri gat hann veitt ungum háskólanema hinum megin á hnettinum innblástur.“

Þótt Obama hafi ekki nefnt Trump á nafn í ræðunni fór ekki á milli mála um hvern var að ræða þegar forsetinn fyrrverandi sagði: „Þróunin getur snúist í öfuga átt um stund, en á endanum munu hin réttlátu komast til valda.“

Obama sagði að nauðsynlegt væri að trúa staðreyndum. Án þeirra væri enginn grundvöllur fyrir samvinnu. Hann gæti til að mynda starfað með einhverjum sem gerði efnislegar aðfinnslur við Parísarsamkomulagið svo lengi sem málstaður viðkomandi byggðist á staðreyndum.

„En ég get ekki samsamað mig einhverjum sem segir loftslagsbreytingar þvætting, þvert á ályktanir næstum allra vísindamanna heimsins,“ sagði Obama.

Trump hefur undanfarin misseri sagst óviss um áhrif mannsins á loftslagsbreytingar en árið 2015 sagði hann að um kínverskt samsæri væri að ræða. Þá er vert að taka fram að Trump dró ríki sitt út úr umræddu samkomulagi á síðasta ári.

Trump stóð sjálfur í ströngu í gær við að svara ásökunum Demókrata og fjölmargra annarra um að hann hefði sýnt forseta Rússlands linkind á blaðamannafundi þeirra á þriðjudag. „Þótt ég hafi átt frábæran fund með NATO átti ég enn betri fund með Vladimír Pútín Rússlandsforseta. Því miður greina fjölmiðlar ekki frá málinu á þann hátt. Falsfréttamenn eru að ganga af göflunum,“ tísti Trump. **– þea**



**Barack Obama í pontu í Jóhannesarborg í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

## Samþykki verði sett í forgrunn

**SPÁNN** Pedro Sanchez, forsætisráðherra Spánar, tjáði spænska þinginu í gær að ríkisstjórn hans hygðist leggja fram frumvarp um að samþykki verði sett í forgrunn í lögum um kynferðisofbeldi. „Til að taka af allan vafa, dömur mínar og herrar, ef viðkomandi segir nei þýðir það nei og ef viðkomandi segir ekki já þýðir það líka nei,“ sagði Sanchez.

Sams konar löggjöf var samþykkt í Svíþjóð í maí síðastliðnum og tók gildi um síðustu mánaðamót. Sænska þingið samþykkti frumvarpið með 257 atkvæðum gegn 38. Bretar, Þjóðverjar og Íslendingar hafa sömuleiðis samþykkt lög sem þessi. **– þea**



**Spjöll geta orðið þegar veitt er of nálægt.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

## Reka ferðamenn frá sjókvíunum

**NOREGUR** Lögreglumenn á eftirlitsbátum þurfa reglulega að reka sjóstangaveiðimenn í burtu frá laxeldiskvíum við strendur Noregs. Samkvæmt norsku fiskistofunni eru það oftast erlendir ferðamenn sem eru við veiðar nálægt sjókvíunum en bannað er að veiða nær þeim en í 100 metra fjarlægð.

Það er mat forsvarsmanna fyrirtækja í laxeldi og fiskistofu að umhverfisspjöll geti orðið veiði menn nálægt kvíunum. Dæmi eru um að veiðarfæri sem menn hafa misst hafi til dæmis flækst í hreinsibúnað kvíanna með þeim afleiðingum að fiskur hefur sloppið. **– ibs**

# Yfirvinnubann ljósmæðra hafið

**Álagstoppur var í fæðingum á Landspítalanum í gær og segir framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs stöðuna bara verða erfiðari. Yfirvinnubann ljósmæðra hófst á miðnætti og búist er við þungum róðri.**

**KJARAMÁL** Yfirvinnubann ljósmæðra hófst á miðnætti. Það bætist ofan á það neyðarástand sem verið hefur á Landspítalanum frá því í byrjun mánaðarins þegar fjöldi uppsagna tók gildi. Linda Kristmundsdóttir, deildarstjóri kvenna- og barnasviðs Landspítala, segir að álagstoppur hafi verið í fæðingum í gær og staðan verði bara erfiðari.

Þegar blaðið fór í prentun höfðu þrettán börn fæðst á Landspítalanum það sem af var degi. Á síðasta ári og fyrstu fimm mánuði þessa árs fæddust að meðaltali um átta börn á dag.

Linda segir að sú neyðaráætlun sem verið hefur í gildi haldist áfram óbreytt. Hins vegar hafi verið unnið að því síðustu daga að fá túlkun á því hvað megi gera og hvað megi ekki gera þegar yfirvinnubannið hefur tekið gildi.

„Það gilda ákveðnar reglur og ákveðnir verkferlar. Það er hægt að sækja um undanþágur samkvæmt sérstökum undanþágulista. Við höfum verið að slípa þetta til því við vildum hafa þetta í lagi,“ segir Linda. Hún segir að við þessa vinnu hafi verið haft samráð við lögfræðinga spítalans auk BHM. Fyrst og fremst væru þetta spurningar um vinnurétt. Niðurstöðurnar voru fyrst kynntar stjórnendum á spítalanum og öðru starfsfólki í framhaldi af því.

Páll Matthíasson, forstjóri spítalans, sagði í gær að útlit væri fyrir að spítalinn þyrfti að leita til undanþágunefndar strax á miðnætti, þegar yfirvinnubannið tók gildi. Páll bendir á að yfirvinnubannið taki til allra ljósmæðra, þannig að erfiðara verði að nýta úrræði á öðrum heilbrigðisstofnunum.

„Róðurinn mun ábyggilega þyngjast verulega og það er mjög alvarlegt því þetta hefur gengið hingað til með miklum tilfæringum. En þegar þetta þyngist líst okkur ekki á blikuna,“ segir Páll.

Boðað var til mótmæla gegn ríkisstjórninni á Austurvelli í gær á meðan fundur stóð yfir á Alþingi. Nokkur hundruð manns mættu til stuðnings ljósmæðrum og gáfu mótmælendur ríkisstjórninni meðal annars rauða spjaldið.

Næsti samningafundur í deilunni verður að óbreyttu ekki fyrr en næstkomandi mánudag. Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari hefur þó sagt að hún muni flýta þeim fundi sé tilefni til þess.

**sighvatur@frettabladid.is**
**danielfreyr@frettabladid.is**



**Mótmælendur komu saman á Austurvelli í gær til stuðnings ljósmæðrum. Þeir hvöttu ríkisstjórnina til að vakna í málinu og gáfu henni rauða spjaldið. Yfirvinnubann ljósmæðra hófst á miðnætti.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Þetta hefur gengið hingað til með miklum tilfæringum. En þegar þetta þyngist líst okkur ekki á blikuna.**
>
> Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans





NEXT GRAY

# NÚTÍMA LÍFSTÍLL
# GERIR KRÖFUR TIL ELDHÚSSINS



HAVANA



SHAKER WHITE



VH-7 MIDNIGHT BLUE

*Nútíma lífstíll kallar á kröfur. Á sama hátt og við höfum væntingar til lífsins, gerum við kröfur til eldhússins okkar. Líttu til okkar, lýstu kröfum þínum og leyfðu okkur teikna draumaeldhúsið þitt. Ævintýrið byrjar á heimsókn í glæsilegan sýningarsal okkar í Lágmúla 8, 2. hæð, þar sem allar helstu nýjungar eru til sýnis.*

ORMSSON
*Lágmúla 8 • sími 530 2800*

***HTH á Íslandi í 40 ár,***
***og þar af í 20 ár hjá Ormsson***
*- endurspeglar traust*
*Íslendinga til merkisins*

HTH

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

# Skammarlegt



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Frammistaða Donalds Trump á fyrsta leiðtogafundi hans og Vladimírs Pútín í forsetahöllinni í Helsinki á mánudag hefur vakið hörð viðbrögð. Eftir holskeflu af skömmum og svívirðingum vegna ummæla hans og framgöngu í heimalandinu reyndi Bandaríkjaforseti af veikum mætti að draga í land í gær. Á fundinum sögulega sagðist hann nefnilega trúa Pútín þegar sá hinn sami neitaði að hafa skipt sér af forsetakosningunum í Bandaríkjunum árið 2016, sem tryggðu Trump forsetaembættið.

Raunar sagðist Trump ekki sjá neina ástæðu til að Rússar ættu að hafa reynt að hafa áhrif á kosningarnar, með tölvuárásum, þó að bandaríska leyniþjónustan hafi ítrekað sagt Rússana ábyrga og að aðeins þremur dögum fyrir fundinn hafi tólf rússneskir leyniþjónustumenn verið ákærðir, sakaðir um tölvuárásir á miðstjórn Demókrataflokksins og starfsfólk framboðs Hillary Clinton, mótframbjóðanda Trumps.

Bandaríska leyniþjónustan hefur enn fremur sagt tölvuárásirnar tilraun til að aðstoða Trump í kosningabaráttunni og skaða framboð Hillary Clinton, frambjóðanda Demókrataflokksins.

Eftir harða gagnrýni æðstu þingmanna, embættismanna og áhrifamanna segist Bandaríkjaforseti nú hafa mismælt sig á fundinum. Það sem hann meinti í raun og veru væri að hann sæi enga ástæðu til að Rússar ættu ekki að hafa skipt sér af kosningunum árið 2016. Þetta er auðvitað kostulegur málflutningur hjá þjóðarleiðtoganum.

Flestir stjórnmálaskýrendur litu svo á að ákærurnar tólf sem birtar voru Rússunum á föstudag myndu gera Trump hægara um vik að ganga hart fram gegn Rússlandsforseta í málinu. Gögnin væru skýr og nákvæm. Tímasetning á birtingu ákæranna virðist hins vegar hafa þvert á móti orðið til þess að Trump hrökk í vörn. Hann varði Pútín á fundinum og veigraði sér við því að gagnrýna hann. Þeir sem hafa gengið hvað harðast fram í gagnrýni sinni á frammistöðu Trumps eftir fundinn í Helsinki hafa sagt hann með þessu beinlínis vera sekan um landráð.

Það er erfitt að skilja hvað vakti fyrir forsetanum þegar hann gekk á fund Pútíns. Hver ávinningurinn er af því að standa með Rússlandi, og um leið gegn sinni eigin þjóð, á svo viðkvæmum tímum, þegar ásakanir um að verið sé að grafa undan lýðræðinu sjálfu hafa aldrei verið háværari. En óhjákvæmilega læðist að manni sá grunur að sennilega sjái Trump ekki lengra en nef hans nær. Ef ásakanirnar reynast réttar er réttmæti forsetakjörs hans vitaskuld í húfi.

Atkvæðagreiðsla á nokkurra ára fresti tryggir ekki lýðræði. Það gerir lýðræðisleg hugsun, frelsi og mannréttindi, svo nokkuð sé nefnt.

Þess vegna er með öllu óboðlegt að þjóðarleiðtogarnir tveir, hverra ákvarðanir geta snert okkur öll, standi á stóra sviðinu, á blaðamannafundi fyrir framan heimsbyggðina, ranghvolfi augunum og geri því skóna að þessar grafalvarlegu ásakanir séu á einhvern hátt fáránlegar eða órökstuddar.

Ef forsetanum er meira annt um stólinn sinn en lýðræðið sjálft hefur hann ekkert að gera í Hvíta húsinu.

**Ef forsetanum er meira annt um stólinn sinn en lýðræðið sjálft hefur hann ekkert að gera í Hvíta húsinu.**


# Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind


## Halldór




## Frá degi til dags

**Mannhatur á Þingvöllum**
**Í dag býður Alþingi upp á hátíðarræðu þekkts mannhatara í tilefni af fullveldisafmælinu. Sjálf Pia Kjærsgaard mun ausa úr viskubrunni sínum yfir prúðbúnum þingheimi á Þingvöllum. Pía vill banna fólki sem ekki er af vestrænum uppruna að setjast að í Danmörku og hefur, allt frá því hún stofnaði danska þjóðarflokkinn, alið á hatri landa sinna í garð fólks sem flúið hefur með börn sín undan stríði og hörmungum og leitað á náðir vestrænna ríkja. Í dag stundar flokkur hennar gróf mannréttindabrot í Danmörku meðal annars með því að hverfaskipta refsilöggjöfinni til að beita megi innflytjendur þyngri refsingum en aðra fyrir sömu brot.**

**Prinsinn frekar en Þjóðarflokkinn**
**Hvaða erindi á lífssýn Píu og Danska þjóðarflokksins á fullveldishátíð Íslendinga? Á hún að kenna okkur eitthvað um dyggðir fullvalda ríkis eða á þetta að vera ljúf minning um framkomu danskra embættismanna í garð fátækra Íslendinga hér í denn? Ef okkur vantar Dana í afmælið, þá hljótum við að geta fundið einhvern sem er í sama liði og við í þeirri Evrópu sem er klofin í fylkingar gagnvart nauðstöddu og stríðshrjáðu fólki. Danska konungsfjölskyldan hlýtur að vera skárri en danski Þjóðarflokkurinn. Var enginn prins á lausu?**
**adalheidur@frettabladid.is**

# Allt í rétta átt hjá sveitarfélögunum



Elvar Orri Hreinsson
Greiningu Íslandsbanka



Sölvi Sturluson
viðskiptastjóri mannvirkja og innviða hjá Íslandsbanka

Rekstur sveitarfélaganna var nokkuð góður á síðasta ári. Afgangur sem hlutfall af tekjum A-hluta nam fjórum prósentum og hefur það hlutfall farið vaxandi. Í áætlunum sveitarfélaganna er gert ráð fyrir að sú þróun haldi áfram og að hlutfall rekstrarniðurstöðu á móti tekjum verði orðið um sex prósent árið 2021.

Skýringin á betri rekstrarniðurstöðu felst meðal annars í lægri fjármagnsgjöldum sökum lægri skuldsetningar og hagstæðara lánaumhverfis ásamt því að tekjur jukust umfram gjöld.

**Meiri áhersla á fjárfestingar**

Undanfarin ár hefur áhersla sveitarfélaganna í ríkum mæli verið á að lækka skuldir og stendur rekstur langflestra sveitarfélaga nú vel undir skuldsetningu sinni. Skuldir sem hlutfall af eignum sveitarfélaganna hafa lækkað frá því það náði hámarki í 73 prósentum árið 2009. Hlutfallið var 56 prósent árið 2017 og hefur ekki verið lægra frá árinu 2007.

Sveitarfélögin hafa lækkað langtímaskuldir sínar á hverju ári frá 2009, samtals um 193 milljarða króna. Samhliða áherslu sveitarfélaganna á að lækka skuldir má segja að myndast hafi ákveðin fjárfestingarþörf líkt og sást á liðnu ári þar sem fjárfesting á sveitarstjórnarstiginu óx töluvert umfram væntingar. Þá eru umtalsverðar fjárfestingar einnig ráðgerðar á þessu ári.

**Þá eru umtalsverðar fjárfestingar einnig ráðgerðar á þessu ári.**

**Svigrúm til skattalækkana?**

Skatttekjur eru helsti tekjuöflunarþáttur sveitarfélaganna og leika útsvarstekjur þar stærsta hlutverkið. Langflest þeirra innheimta hámarksútsvar (14,52%) og eru álögur íbúa þeirra því með hæsta móti. Einungis þrjú sveitarfélög innheimta lágmarksútsvar (12,44%) og 15 sveitarfélög eru þar á milli. Það er því ljóst að heilt yfir er svigrúm sveitarfélaganna til lækkunar á útsvari meira en til hækkunar. Í ljósi uppsafnaðrar fjárfestingarþarfar munu sveitarfélögin að öllum líkindum frekar leggja áherslu á að mæta þeirri þörf áður en til skattalækkana kemur.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Búvöruframleiðsla og misvægi atkvæða



Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Viðtal við Guðrúnu Stefánsdóttur bóndakonu úr Fljótshlíðinni í Fréttablaðinu 7. júní sl. var í senn fróðlegt og átakanlegt. Minnti mig á flutning foreldra minna úr annarri sveit á öðrum tíma. Jörðin, búsmalinn og starfið hnýtast þétt saman. Ef eitt brestur riðlast hitt.

Sársaukinn var áþreifanlegur. Ástæða flóttans var afkomuleysi starfans. Enn einn sauðfjárbóndinn bregður búi. Fróðlegt var viðtalið því í máli Guðrúnar komu fram áhugaverðar mótsagnir. Hún skellir skuldinni á afurðastöðvarnar, sem ekki borgi lífvænlegt verð fyrir afurðirnar, en segir jafnframt: „Þeir (afurðastöðvarnar, innsk. ÞÓ.) segja að útflutningurinn kosti svo mikið. Samt var síðasti búvörusamningur gerður þannig að þar var verðlaunað fyrir fjölgun fjár. Ég var í stjórn bændasamtakanna þá og greiddi atkvæði gegn samningnum sem var algerlega úr takt við þær aðstæður sem voru og eru. Dæmið á að snúast um framboð og eftirspurn innanlands og ef fólk vill framleiða til útflutnings, þá gerir það slíkt á eigin ábyrgð.“

Hér er bæði talað og hugsað skýrt. Aðalatriðið er of mikil kindakjötsframleiðsla, þess vegna borga afurðastöðvarnar lágt verð. Þegar offramboð helst í hendur við afurðarýran atvinnuveg, þá fer óhjákvæmilega illa. Sauðkindin er afurðarýr skepna. Framleiðir á bilinu 20-35 kg af beinakjöti árlega. Aðeins hirðingjaþjóðir í fátækum löndum eða á svæðum þar sem landnæði er nánast óendanlegt gera sauðfjárbúskap að burðarási afkomunnar. Ef sauðfjárbúskapur á að verða atvinnuvegur sem skilar bændum bjargálna kjörum verður að snúa af þessari útflutnings- og offramleiðslubraut. Niðurgreiðsla á útflutningi kindakjöts, svo ekki sé talað um kolefnissporið sem hann veldur, varir ekki til frambúðar.

**Sagan og þróunin**

Grunnhugsun landbúnaðarkerfisins er sú að sneiða hjá „lögmálum markaðsins“ og framleiða óháð eftirspurn. Sú aðferð að binda sauðfjárbændur á klafa offramleiðslustefnu, sem síðan þarf að skera úr snörunni með viðbótar framlögum úr ríkissjóði, er að sjálfsögðu á ábyrgð þeirra stjórnmálaflokka sem styðja þetta rangsnúna kerfi. Það er þessi forysta sem hefur brugðist. Gamla bændasamfélagið, staðnað og valdbeitingarsjúkt, ríkti hér um aldir. Ekkert óttuðust stórbændur og embættismenn þeirra tíma frekar en breytingar. Þeir voru sáttir við þau völd sem óbreytt ástand færði þeim. Sérhverri tilraun til breytinga var harðlega refsað. Ánauð og réttindaleysi vinnufólks og smábænda hér var algjört.

**Þetta misvægi atkvæða og landbúnaðarstefna byggð á því, hefur snúist gegn hagsmunum landbúnaðarins, og þar með sveitanna, sem ekki fá að aðlaga sig breyttum tímum eins og aðrar atvinnugreinar.**

Vistarbandið sá til þess að hér á landi mynduðust engir markaðir. Fólki var meinað að setjast að og mynda þéttbýli, samfélag. Hér ríkti þar að auki bann við verslun við útlendinga, aðra en danska kaupmenn, sem höfðu öll skiptakjör i hendi sér.

Markaðir eru afkvæmi samfélaga. Þar skiptast menn á hugmyndum, kaupa og selja afurðir, vinna úr og koma á framfæri þekkingarbrotum og margvíslegum upplýsingum, einnig vinnu. Markaðir eru aflvakar framfara og þróunar. Þeir urðu ekki til hér á landi fyrr en síðla á nítjándu öld. Bændur, ekki frekar en flestir aðrir landsmenn, þekktu því ekki markaðsviðskipti.

**Hugmyndafræði gegn staðreyndum**

Með tilkomu frjálsrar verslunar og síðar viðskipta var ljóst að landbúnaðurinn, sem var þá yfirburða stærsti atvinnuvegurinn, myndi þurfa að breytast. Búskaparhættirnir lentu í vörn, gátu ekki keppt um vinnuafl við aðra atvinnuvegi. Með lagasetningu var beinlínis komið í veg fyrir stórbúskap í landinu. Hugmyndafræði Framsóknarflokksins, öflugasta flokksins, var sú að snúast gegn breytingum í landbúnaðarmálum, snúa vörn í sókn og beita ríkisvaldinu til að vernda hefðbundnar búgreinar. Taka átti markaðskerfið úr sambandi. Róið var andsælis tímans straumi.

Pólitískan styrk Framsóknarflokksins mátti ekki síst rekja til mikils misvægis atkvæða eftir búsetu. Þeir neituðu að horfast í augu við breytta tíma og vildu framlengja yfirvöld bændastéttarinnar í landsmálum til að halda í horfinu. Þarna hófst vandinn. Því urðu atkvæði í dreifbýli að vega þyngra en á mölinni. Þetta leiddi m.a. til þess að landbúnaðurinn var styrktur og framleiðsla aukin langt umfram innanlandsþarfir. Það kallaði svo á ríkisstyrktan útflutning með fyrrgreindum afleiðingum sem vitnað er til hér að framan.

Þetta misvægi atkvæða og landbúnaðarstefna byggð á því, hefur snúist gegn hagsmunum landbúnaðarins, og þar með sveitanna, sem ekki fá að aðlaga sig breyttum tímum eins og aðrar atvinnugreinar. Stjórnmálamenn vilja nefnilega ekki sleppa þessum fengsælu miðum til að treysta völd sín, óháð því hvort það gagnist þeim sem þar lifa og starfa.

# Fjárgötur



Birgir Guðjónsson
læknir

Ég var um tíma hættulega nærri því að öðlast tiltrú á stjórnmálamönnum, jafnvel framsóknarmönnum, en það læknaðist snarlega eftir síðustu embættisveitingu þeirra.

Mér er hlýtt til kinda eftir ánægjulega dvöl í sveit á yngri árum og smölun og göngur. Kindur geta þá vissulega einnig þurft að nota vegakerfi landsins, en vandræðin geta verið nokkur þegar þær taka upp á því að hlaupa óvænt fyrir bíla. Það er því sjálfsagt að ráða þann sem vegamálastjóra sem þekkir þessar lífverur hvað best og getur kennt þeim umferðarreglur.

Kindur hafa vissulega frá landnámi verið brautryðjendur í að leggja götur um holt og hæðir og hafa því ómetanlega reynslu. Gott er fyrir vegamálastjóra að hafa slíka ráðgjafa.

Þessi ráðning á sér hliðstæðu úr heilbrigðiskerfinu þar sem óskað væri t.d. eftir yfirlækni á skurðdeild en vitað væri að ekki þyrfti að vera skurðlæknir til að vera skipaður í embættið, aðeins ættar- og pólitísk tengsl.




IONIQ
ÞRJÁR RAFMAGNAÐAR GERÐIR

Verð frá 3.590.000 kr.

Hyundai hefur haslað sér völl sem einn framsæknasti bílaframleiðandi heims á sviði raf- og vetnistækni. Við bjóðum Ioniq rafbílinn í þremur glæsilegum útfærslum.

Ioniq rafbílalína Hyundai er sú eina sinnar tegundar á markaðnum og spannar allt frá 100% rafbíl til Hybrid og tengjanlegra Plug-in Hybrid tvinnbíla sem hafa unnið til fjölda umhverfisverðlauna á undanförnum misserum.

HYUNDAI

8 YEAR / 200.000 KM BATTERY WARRANTY*

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM88339

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

# Þreyta og þörf á nýrri áskorun

**Heimir Hallgrímsson segir að eiginlegar samningaviðræður hafi í raun ekki farið fram við KSÍ. Ákvörðun hans hafi ekki tengst launum heldur hafi hann ekki viljað binda sig til langs tíma á þessum tímapunkti.**

**FÓTBOLTI** Heimir Hallgrímsson tilkynnti það á blaðamannafundi sem hann hélt á Hilton í gær að hann væri hættur störfum sem þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu. Heimir hefur starfað fyrir knattspyrnusambandið í sjö ár, en hann var fyrst um sinn aðstoðarmaður Lars Lagerbäck, síðar meðþjálfari Svíans og að lokum tók hann alfarið við keflinu eftir Evrópumótið sumarið 2016.

Heimir hefur á þessum tíma tekið þátt í umspili um laust sæti í lokakeppni HM 2014, farið með liðið í átta liða úrslit á EM 2016 og stýrt liðinu í lokakeppni HM í Rússlandi fyrr í sumar. Íslenska liðið var að taka þátt í lokakeppni bæði EM og HM í fyrsta skipti í sögunni. Eftir að hafa legið undir feldi í tæpar þrjár vikur ákvað Heimir að nú væri komið nóg og hann ætli að segja skilið við íslenska liðið.

„Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er á besta stað sem það hefur verið hvað alla mælikvarða varðar í sögulegu samhengi. Það var komin ákveðin þreyta í mig og svo er ekkert launungarmál að ég var ekki sáttur við uppskeruna á HM í sumar. Ég er mikill keppnismaður og mér þótti eitt stig heldur rýr uppskera þó að ég gerði mér grein fyrir því að árangur væri alveg viðunandi. Við vorum ekki langt frá því að komast áfram í 16 liða úrslitin og ef það hefði tekist væri staðan mögulega önnur," sagði Heimir um aðdragandann að ákvörðun sinni í samtali við Fréttablaðið.

„Mér flaug í huga að semja einungis fram yfir Þjóðadeildina, en varð fljótlega afhuga þeirri ákvörðun. Mér fannst ósanngjarnt að sá sem tæki við í framhaldinu fengi lítinn tíma og enga vináttulandsleiki til þess að búa sig undir undankeppni EM 2020. Ég vildi ekki festa mig til þriggja ára og þetta er því niðurstaðan," sagði Heimir enn fremur um þær viðræður sem áttu sér stað á milli hans og KSÍ.

„Það fóru í raun aldrei eiginlegar samningaviðræður í gang og þetta snerist ekki um laun. Það fór bara saman að það var farið að gæta ákveðinnar þreytu hjá mér og að mig langaði að taka nýja áskorun einhvern tímann á næstunni. Það hafa borist einhverjar fyrirspurnir að utan, en ekki sem er fast í hendi. Nú ætla ég bara að uppfæra menntun mína og þekkingu og skoða svo hvað mér býðst. Ég á einn-ig mánuð eftir af samningi mínum við KSÍ og mun aðstoða þau í þeirri vinnu sem er fram undan, að fara yfir og setja á fast form þær upplýsingar og þekkingu sem ávannst í Rússlandi," sagði Heimir enn fremur um starfslokin.

hjorvaro@frettabladid.is



Heimir er hættur sem þjálfari karlalandsliðsins eftir að hafa náð frábærum árangri með það. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

## Leita ekki að tímabundinni lausn

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, sagði á blaðamannafundi sem haldinn var í kjölfar þess að tilkynnt var um starfslok Heimis Hallgrímssonar að fyrsti kostur hjá knattspyrnusambandinu hefði verið að hafa Heimi áfram við störf. Eftir viðræður síðustu daga hefði svo endanlega niðurstaða legið fyrir í gær þess efnis að svo yrði ekki.

„Fyrstu viðbrögð voru bara vonbrigði yfir því að hann yrði ekki áfram hjá okkur. Á sama tíma virði ég ákvörðun hans og nú fer bara af stað vinna við að finna eftirmann hans. Ég fór bjartsýnn inn í viðræður við Heimi, en þegar leið á viðræðurnar fann ég að þetta gæti orðið niðurstaðan," sagði Guðni.

„Við erum mjög þakklát Heimi og fyrir þá vinnu sem hann hefur unnið. Við munum búa að henni í framhaldinu. Við erum komin með nokkur nöfn á blað, lista yfir mögulega eftirmenn hans. Það er mín ósk að næsti þjálfari verði aðili sem þekki hvað hefur orðið til þess að okkur hefur gengið vel undanfarin ár og geti auðveldlega aðlagast þeim þankagangi sem hefur verið við lýði hjá sambandinu undanfarið. Við viljum ráða þjálfara til næstu tveggja eða fjögurra ára, en ekki tímabundið fram yfir Þjóðadeildina."

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**Þór/KA - Grindavík 5-0**
1-0 Anna Rakel Pétursdóttir (44.), 2-0 Sandra María Jessen (48.), 3-0 Lára Einarsdóttir (58.), 4-0 Sandra María (65.), 5-0 Sandra Mayor (90.).

**KR - ÍBV 3-2**
0-1 Ingibjörg Valgeirsdóttir, sjálfsmark (23.), 0-2 Ingibjörg Lúcía Ragnarsdóttir (48.), 1-2 Shea Connors (52.), 2-2 Connors (55.), 3-2 Katrín Ómarsdóttir (73.).

**FH - HK/Víkingur 1-3**
1-0 Eva Núra Abrahamsdóttir (11.), 1-1 Fatma Kara, víti (45.), 1-2 Hildur Antonsdóttir (52.), 1-3 Kader Hancar (87.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Þór/KA | 26 | ÍBV | 11 |
| Breiðablik | 24 | Grindavík | 9 |
| Valur | 19 | Selfoss | 8 |
| Stjarnan | 16 | KR | 6 |
| HK/Víkingur | 13 | FH | 6 |

## Ægir í Stjörnuna

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmaðurinn Ægir Þór Steinarsson hefur skrifað undir tveggja ára samning við Stjörnuna með möguleika á einu ári til viðbótar. Ægir lék með TAU Castillo á Spáni á síðasta tímabili. Þar áður lék hann með spænsku liðunum San Pablo Burgos og Penas Huesca.

Ægir er uppalinn hjá Fjölni en hefur einnig leikið með KR hér á landi. Þá lék hann um tveggja ára skeið með Sundsvall Dragons í Svíþjóð. Ægir hefur leikið 55 landsleiki og lék bæði á EM 2015 og 2017.

Auk Ægis hefur Stjarnan fengið Dag Kár Jónsson til sín í sumar. – iþs








FJALLA KOFINN
HLEYPTU TÁNUM ÚT!
Teva 1984
Teva sandalar í miklu úrvali
Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Aðalbjörg Jónsdóttir**
Dalbraut 20,
lést mánudaginn 16. júlí á
hjúkrunarheimilinu Eir.
**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir minn, tengdafaðir,
afi, bróðir og vinur okkar,
**Kristófer Sæmundsson**
lögregluvarðstjóri,
Lyngmóum 12, Garðabæ,
lést þann 8. júlí.
Útförin fer fram í kyrrþey.
Fjölskyldan þakkar fyrir þann hlýhug og samúð sem
henni hefur verið sýnd.
**Sigurbjörg Bára Kristófersd. Sigurður Þór Sigurðsson**
**Hildur Þóra, Amíra Rut**
**og aðrir aðstandendur.**



Ástkær móðir okkar,
**Dagbjört Sóley Snæbjörnsdóttir**
andaðist á gjörgæslu Landspítalans
föstudaginn 13. júlí.
Útförin fer fram í Langholtskirkju
fimmtudaginn 26. júlí klukkan 13.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast
Dagbjartar eru beðnir að láta öldrunardeild Vífilsstaða
njóta þess.
**Guðrún Snæfríður Gísladóttir**
**Pétur Blöndal Gíslason**
**Elín Sigríður Gísladóttir**
**tengdasynir, barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku maðurinn minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,
**Gunnar H. Hauksson**
Álfholti 20, Hafnarfirði,
lést á líknardeild Landspítalans
fimmtudaginn 12. júlí. Hann verður
jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju
föstudaginn 20. júlí klukkan 13.00.
**Guðrún Björg Einarsdóttir**
**börn og barnabarn**
**Gerða Gunnarsdóttir**
**og systkini hins látna.**



**Kristján Ragnarsson**
skipstjóri,
Andrésbrunni 12, Reykjavík,
lést föstudaginn 13. júlí.
Útför hans fer fram frá Guðríðarkirkju
Grafarholti föstudaginn 20. júlí kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast
hans er bent á Krabbameinsfélagið.
**Hafrún Kristjánsdóttir**
**María Lúísa Kristjánsd. Sigurður Sverrir Jónsson**
**Kristín Kristjánsdóttir Kristján H. Þorleifsson**
**Sigurbjörg G. Kristjánsd.**
**Sigurbjörn Kristjánsson**
**Sigurlaug E. Kristjánsdóttir Björn F. Svavarsson**
**Karen Elín Kristjánsdóttir Guðmundur H. Guðmundss.**
**afa- og langafabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
**timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 512 5407.



**Hrafnhildur Marta var þakklát fyrir heiðurinn og styrkinn sem henni hlotnaðist.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Tónlist getur tjáð svo margt

**Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir, meistaranemi í sellóleik, hlaut í gær styrk úr Minningarsjóði Jean-Pierre Jacquillat sem árlega er veittur ungum snillingi.**

Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir er að spila á sellóið þegar ég hringi. Móðir hennar, Helga Bryndís Magnúsdóttir, svarar, kallar „Marta“ og réttir dóttur sinni símann. Hrafnhildur Marta er einmitt að æfa það sem hún ætlar að flytja eftir skamma stund þegar henni verður afhentur styrkur úr Minningarsjóði Jean-Pierre Jacquillat (1935-1986), stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

„Þetta er stutt og laggott verk sem ég ætla að spila,“ segir hún. „Það er fullkomið að geta þakkað fyrir sig með þessum hætti og líka vel við hæfi. Tónlistin getur tjáð svo margt sem maður á erfitt með að koma í orð, öllu þakklætinu fyrir heiðurinn sem mér er sýndur og þennan rausnarlega styrk. Hann er ein og hálf milljón og það munar aldeilis um það.“

Hrafnhildur Marta er 27 ára. Hún á til músíkalskra að telja, móðirin píanóleikari og faðirinn hljómsveitarstjórinn Guðmundur Óli Gunnarsson. Hún er víða búin að koma við í tónlistinni. Byrjaði ung að læra á selló við Tónlistarskólann á Akureyri og það hefur verið hennar hljóðfæri síðan. Hún segir mikið til af einleiksverkum fyrir það. „Við sellóleikarar erum ekki eina fólkið sem er hrifið af sellóinu, tónskáldin hafa verið það líka og þess njótum við,“ segir hún.

Síðustu vetur hefur Hrafnhildur Marta verið í Jacobs School of Music, háskóla í Indiana í Bandaríkjunum, og kveðst eiga einn vetur eftir í mastersnámi. Þar fókuserar hún á kammermúsík og er í strengjakvartett innan skólans sem hefur unnið hverja keppnina eftir aðra.

„Síðasta vetur fengum við vikudvöl í Beethovenhúsinu í Bonn í Þýskalandi að launum. Þar fengum við að gramsa í bréfum og upprunalegum handritum tónskáldsins og héldum tónleika í fæðingarhúsi þess,“ nefnir hún sem dæmi.

Fleiri verkefni hennar tengjast Beethoven því hún kveðst undanfarið hafa verið í upptökum hjá útgáfufyrirtækinu Naxus vegna afmælisútgáfu árið 2020 í tilefni 250 ára fæðingarafmælis hans. „Ég hef verið að taka upp skissur eftir Beethoven sem aldrei urðu að heilum verkum og hafa ekki verið teknar upp áður,“ nefnir hún.

**Meðal fyrri styrkþega eru:**

- Jóhann Nardeau
- Elfa Rún Kristinsdóttir
- Víkingur Heiðar Ólafsson
- Lára Bryndís Eggertsdóttir
- Hrafnkell Orri Egilsson
- Una Sveinbjarnardóttir
- Árni Heimir Ingólfsson
- Ingibjörg Guðjónsdóttir
- Sigurbjörn Bernharðsson
- Þóra Einarsdóttir

Leið Hrafnhildar Mörtu liggur brátt til Bandaríkjanna aftur. Þar býr hún með kærastanum, Guðbjarti Hákonarsyni fiðluleikara. Hún segir þau stundum spila saman dúett. „Við kynntumst í Listaháskólanum fyrir nokkrum árum og höfum fylgst að síðan.“

**gun@frettabladid.is**



Ástkær móðir okkar, dóttir og systir,
**Svanhildur Helgadóttir**
Þorlákshöfn,
lést miðvikudaginn 11. júlí á
Heilbrigðisstofnun Suðurlands á
Selfossi. Útförin fer fram frá
Þorlákskirkju laugardaginn 21. júlí kl. 14.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast
hennar er bent á styrktarreikning barna hennar:
nr. 0152-05-010189, kt. 250200-3580.
**Dagbjartur Sebastian Østerby**
**Álfheiður Østerby**
**Sigríður Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Eggert Stefán Stefánsson Una Kristinardóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og gleðipinninn
**Guðrún Erla Sigurðardóttir**
hárgreiðslumeistari,
Asparfelli 4,
andaðist laugardaginn 14. júlí á
krabbameinslækningadeild Landspítalans.
Útför hennar verður gerð frá Grafarvogskirkju,
föstudaginn 20. júlí kl. 15.00.
**Ynja Sigrún Ísey Pálsdóttir Ingi Pétur Ingimundarson**
**Ágústa Harpa Kolbeinsd. Gísli Hauksson**
**Sigurður Heimir Kolbeinss.**
**Þorsteinn Örn Kolbeinsson Hallfríður Guðmundsd. Beck**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 18. júlí 2018 | 28. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL






ROLEX

OYSTER PERPETUAL

DATEJUST 41




MICHELSEN

ÚRSMIÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík

511 1900 - www.michelsen.is




# Ferðaþjónusta er komin að þolmörkum

Hörður Gunnarsson, framkvæmdastjóri Iceland Travel, segir að styrking krónu og hækkandi launakostnaður hafi knúið fyrirtækið til að hækka verð á hverju ári en nú sé komið að þolmörkum. 20-30 prósenta samdráttur sé í bókunum í sumar. »6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



»2

## Bandarískur sjóður kaupir minnihluta í 66°Norður

Gengið frá kaupum á nærri helmingshlut fyrir um 30 milljónir evra. Engar breytingar á stjórn eða lykilstjórnendum. Ráðgjafar seljenda voru Rothschild og Lárus Welding.

»4

## Hafa fengið að útvíkka starfsemi sína

Stórar matvörukeðjur á Norðurlöndunum hafa fengið samþykki samkeppnisyfirvalda til þess að útvíkka starfsemi sína. Keðjurnar einskorða sig ekki við rekstur hefðbundinna matvöruverslana.

»8

## Skuldin var eiganda AC Milan ofviða

Bandarískur vogunarsjóður tók AC Milan yfir eftir að kínverskur eigandi knattspyrnuliðsins greiddi ekki 32 milljóna evra afborgun af skuld sinni við sjóðinn. Enginn fjárfestir var reiðubúinn til þess að endurfjármagna lánið.




# Kvika og einkafjárfestar kaupa lóðir í Vogabyggð

Dótturfélag byggingafélagsins Kaldalóns, sem er í eigu Kviku banka og einkafjárfesta, hefur keypt byggingarrétt á lóðum í Vogabyggð af systurfélagi fasteignaþróunarfélagsins Festis. Gengið var frá kaupunum í síðustu viku en kaupverðið er trúnaðarmál, að sögn Róberts Arons Róbertssonar, framkvæmdastjóra Festis.

Til stendur að byggja 270 íbúðir á lóðunum sem eru í hverfinu Vogabyggð 1 á Gelgjutanga en aðeins eru sextán mánuðir síðan Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og fulltrúar Festis skrifuðu undir samning um uppbygginguna.

Aðaleigendur Festis eru hjónin Ólafur Ólafsson, sem er gjarnan kenndur við Samskip, og Ingibjörg Kristjánsdóttir. Fasteignaþróunarfélagið hefur unnið að verkefninu síðustu ár og áformaði að hefja uppbyggingu á þessu ári.

Kaupandinn er félagið U 14-20, dótturfélag byggingafélagsins Kaldalóns sem er í rekstri Kviku banka.

Fram kemur í bréfi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar, sem lagt var fyrir borgarráð í lok júní, að kaupverð byggingarréttarins á fjórum lóðum í Vogabyggð sé um 62 þúsund krónur á fermetra miðað við 24.290 fermetra, sem er leyfilegt hámarks byggingamagn samkvæmt skipulagi, eða alls um 1,5 milljarðar króna. Eru 60 prósent kaupverðsins greidd með íbúðum í Urriðaholti sem verða afhentar eftir um tvö ár.




Fyrir umrædd kaup hafði Kaldalón, sem var stofnað á síðasta ári, rétt til þess að byggja alls um 600 íbúðir í Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ en félagið tekur meðal annars þátt í uppbyggingu á hátt í 180 íbúðum í Vesturbugt við Reykjavíkurhöfn.

Í lok síðasta árs var stærsti hluthafi byggingafélagsins Kaldalóns einkahlutafélagið RES með tæplega 46 prósenta hlut en það er til helminga í eigu hjónanna Nönnu Bjarkar Ásgrímsdóttur og Sigurðar Bollasonar og hjónanna Gunnars Henriks B. Gunnarssonar og Lovísu Ólafsdóttur. Félagið RPF, í eigu Gunnars Sverris Harðarsonar og Þórarins Arnars Sævarssonar, eigenda RE/MAX Senter, var næststærsti hluthafi Kaldalóns með 16 prósenta hlut en tvímenningarnir áttu auk þess hlut í byggingafélaginu í gegnum fleiri eignarhaldsfélög.

Þá fór Kvika banki með 10,5 prósenta hlut í Kaldalóni, samkvæmt ársreikningi byggingafélagsins.

Í áðurnefndu bréfi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar segir að fyrir liggi yfirlýsing frá Kaldalóni um nauðsynlegan fjárhagslegan stuðning við U 14-20 til þess að standa við skuldbindingar sínar við fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir í Vogabyggð 1. Er jafnframt tekið fram að Kaldalón sé með góða eiginfjárstöðu.

Gert er ráð fyrir að alls rísi 1.100 til 1.300 íbúðir í allri Vogabyggð á næstu árum. – kij

# Framlegð eykst hjá Elko

Hagnaður Elko, dótturfélags Festar, dróst saman á milli ára vegna aukins launakostnaðar en hins vegar jukust tekjur félagsins og framlegð af vörusölu. Elko hagnaðist um 463 milljónir króna á síðasta fjárhagsári sem náði frá marsbyrjun 2017 til febrúarloka 2018. Til samanburðar nam hagnaður félagsins 534 milljónum á árinu á undan.

Tekjur Elko námu rúmlega 10,7 milljörðum króna á tímabilinu og jukust um 4,8 prósent á milli ára. Framlegð fyrirtækisins jókst sömuleiðis, eða um tæp 2 prósent, og nam 2.387 milljónum. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 11 prósent á sama tíma og ársverkum fjölgaði úr 115 í 124. Í heild var kostnaðarverð seldra vara 8.328 milljónir og hækkaði það um 5,6 prósent á milli ára.

Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir Elko 2.476 milljónum króna, bókfært eigið fé er 635 milljónir og er eiginfjárhlutfallið 26 prósent. – tfh

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is







Sjóklæðagerðin 66°Norður rekur tíu verslanir hér á landi og þrjár í Kaupmannahöfn og jukust heildartekjur félagsins um liðlega sex prósent í fyrra, námu samtals um 3,86 milljörðum íslenskra króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Bandarískur sjóður fjárfestir í 66°Norður

**Bandarískur sjóður eignaðist í byrjun mánaðarins tæplega helmingshlut fyrir um 30 milljónir evra. Engar breytingar verða á stjórn eða lykilstjórnendum félagsins. Ráðgjafar seljenda í viðskiptunum voru Rothschild og Lárus Welding.**

Bandarískur fjárfestingarsjóður hefur eignast tæplega helmingshlut í Sjóklæðagerðinni 66°Norður. Gengið var frá kaupunum í byrjun þessa mánaðar og nemur kaupverðið fyrir hlutinn um 30 milljónum evra, jafnvirði um 3,7 milljarða íslenskra króna, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri fyrirtækisins, staðfestir að búið sé að selja minnihluta í fyrirtækinu. Eigendur 66°Norður, sem eru hjónin Helgi og Bjarney Harðardóttir, hafi á undanförnum mánuðum unnið að því í samvinnu við ráðgjafarfyrirtækið Rothschild í London að fá inn erlendan fjárfesti til að tryggja fjármögnun á áframhaldandi uppbyggingu félagsins erlendis.

„Þeirri fjármögnun er nú lokið og hefur alþjóðlegur fjárfestingarsjóður, sem hefur mikla trú á merkinu, keypt minnihluta í félaginu. Engin breyting er á stjórn eða lykilstjórnendum félagsins,“ segir í svari hans við fyrirspurn Markaðarins.

Ekki fást staðfestar upplýsingar um nafn kaupandans en eftir því sem Markaðurinn kemst næst er um að ræða bandarískan sjóð sem hefur ekki áður komið að fjárfestingum á Íslandi. Samkvæmt heimildum blaðsins festi sjóðurinn kaup á stórum minnihluta í fyrirtækinu, eða nærri fimmtíu prósenta hlut, en miðað við kaupverðið er heildarvirði 66°Norður því í kringum sjö milljarðar króna.

**Alþjóðlegur fjárfestingarsjóður, sem hefur mikla trú á merkinu, hefur keypt minnihluta í félaginu.**
Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri 66°Norður



**161**
**milljón var EBITDA 66°Norður á árinu 2017 og minnkaði um 65 milljónir frá fyrra ári.**

Auk Rothschild var Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, á meðal ráðgjafa seljanda í viðskiptunum.

Helgi og Bjarney hafa verið eigendur að öllu hlutafé 66°Norður í gegnum eignarhaldsfélagið BH Holding en þau eignuðust fyrirtækið að fullu árið 2013 þegar þau keyptu 49 prósenta hlut af félagi í eigu Sigurjóns Sighvatssonar. Hjónin komu hins vegar fyrst inn í hluthafahópinn árið 2011 þegar þau, ásamt framtakssjóði í stýringu Stefnis, eignuðust 51 prósents hlut í 66°Norður í gegnum samlagshlutafélagið SF II. Skömmu síðar urðu erfiðleikar í samstarfi til þess að þau Helgi og Bjarney keyptu sjóð Stefnis út.

Heildartekjur 66°Norður, sem rekur tíu verslanir hér á landi og þrjár í Kaupmannahöfn, jukust um sex prósent í fyrra og námu samtals um 3,86 milljörðum króna. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs jókst velta félagsins um rúmlega fjórðung frá sama tímabili árið áður. Fyrirtækið hefur hins vegar verið rekið með tapi síðustu ár og á árinu 2017 var tapið um 115 milljónir. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam tæplega 161 milljón á síðasta ári og minnkaði um 65 milljónir frá fyrra ári. Heildareignir félagsins í árslok 2017 námu tæplega 3,3 milljörðum króna og var eiginfjárhlutfall þess um 3,8 prósent.

Sjóklæðagerðin 66°Norður er eitt elsta framleiðslufyrirtæki á Íslandi, en það hóf starfsemi árið 1926, og hjá félaginu starfa samtals um 450 manns, á Íslandi, í Danmörku og Lettlandi, þar sem fyrirtækið er með verksmiðju. hordur@frettabladid.is

# Viðræður um hlut í Avion Express

Viðræður eiga sér stað um kaup á hlut í litháíska flugfélaginu Avion Express. Þær eru skammt á veg komnar, samkvæmt heimildum Markaðarins. Á meðal hluthafa eru Davíð Másson, Garðar Forberg og Halldór Hafsteinsson.

Davíð Másson, stjórnarformaður fyrirtækisins, segir í samtali við Markaðinn að Íslendingar séu í minnihluta í hluthafahópnum og ekki sé í farvatninu að það muni breytast. Þremenningarnir hafi alla tíð átt Avion Express með erlendum hluthöfum.



**Davíð Másson.**

Avion Express leigir út flugvélar með áhöfn. Á meðal viðskiptavina eru WOW air, þar sem Davíð situr í stjórn, spænska lággjaldaflugfélagið Vueling og breska ferðaskrifstofan Thomas Cook. Garðar er á meðal starfsmanna Avion Express og sinnir viðskiptaþróun.

Þremenningarnir festu kaup á Nordic Solutions Air Services fyrir um tíu árum og breyttu nafninu í Avion Express. Á þeim tíma átti félagið þrjár fraktflugvélar af gerðinni Saab 340A, sem einnig voru í farþegaflugi, að því er fram kom í fréttum. Samkvæmt heimasíðu fyrirtækisins rekur það nú 18 Airbus-flugvélar.

Fyrrnefndir Íslendingar reka saman Avion Capital Partners sem sérhæfir sig í ráðgjöf og leigu flugvéla fyrir flugiðnaðinn. – hae, hvj




# Ávöxtun *sjóða* Stefnis

| Sjóður | Árleg nafnávöxtun 1 ár* | 2 ár* | 3 ár* | 4 ár* | 5 ár* | Árleg nafnávöxtun frá stofnun* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Blandaðir sjóðir** | | | | | | |
| Stefnir – Samval[1] | -0,4% | 2,4% | 6,3% | 10,2% | 11,1% | |
| **Íslensk hlutabréf** | | | | | | |
| Stefnir – ÍS 15[1] | 2,9% | -2,6% | 4,6% | 10,7% | 11,8% | |
| **Íslensk skuldabréf og innlán** | | | | | | |
| Stefnir – Ríkisbréfasjóður óverðtryggður[2] | 0,5% | 5,8% | 7,0% | 6,7% | 5,3% | |
| Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður millilangur[2] | 3,9% | 6,0% | 5,3% | 5,8% | 4,6% | |
| Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður langur[2] | 3,8% | 7,5% | 5,8% | 6,7% | 5,2% | |
| Stefnir – Ríkisskuldabréf verðtryggð[2] | 5,4% | 6,9% | 4,9% | 5,7% | 4,3% | |
| Stefnir – Lausafjársjóður[1] | 4,1% | 4,7% | 5,0% | 5,1% | 5,2% | |
| Stefnir – Sparifjársjóður[1] | | | | | | 3,7%*** |
| Stefnir – Skuldabréfaval[1] | 4,7% | 5,7% | 5,4% | | | 5,2% |
| **Erlend hlutabréf **** | | | | | | |
| KF – Global Value[2] | 17,0% | 9,7% | 1,0% | 4,1% | 6,5% | |
| Stefnir – Scandinavian Fund[2] | 7,6% | 3,3% | -2,6% | -0,6% | 2,9% | |

** Grunnmynt sjóðanna er EUR en ávöxtun er uppreiknuð í íslenskar krónur. Gengi sjóða tekur þannig mið af gengi gjaldmiðilsins á hverjum tíma.

* 1 ár: 30.06.2017–30.06.2018. 2 ár: 30.06.2016–30.06.2018. 3 ár: 30.06.2015–30.06.2018.
4 ár: 30.06.2014–30.06.2018. 5 ár: 30.06.2013–30.06.2018.
Árleg nafnávöxtun frá stofnun: Ef sjóður er yngri en 5 ára.
*** Stefnir – Sparifjársjóður er stofnaður 08.08.2017 og reiknast ávöxtun frá þeim degi til 30.06.2018.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins. Frekari upplýsingar um Stefni og sjóðina má finna á **www.stefnir.is**.

## Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlegar vísbendingar um ávöxtun í framtíð

Allar ávöxtunartölur eru í íslenskum krónum. Tekið er tillit til umsýsluþóknunar við daglegan útreikning á gengi sjóðanna. Upplýsingar eru fengnar frá Arion banka hf., sem er vörslufyrirtæki sjóðanna, og frá upplýsingaveitu Bloomberg.

## Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki Arion banka í síma 444 7000 eða á **arionbanki.is/sjodir**.

Arion banki
– fyrir framtíðina

1) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.
2) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Vakin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ. á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu og lykilupplýsingum þeirra, sem nálgast má á **www.arionbanki.is/sjodir**.

# Hafa fengið að útvíkka starfsemi sína

**Stórar matvörukeðjur á Norðurlöndunum hafa fengið samþykki samkeppnisyfirvalda til þess að útvíkka starfsemi sína. Keðjurnar einskorða sig ekki við rekstur hefðbundinna matvöruverslana. Greinendur Landsbankans telja að í því ljósi séu kaup Haga á Olís rökrétt.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Stærstu félögin á matvörumörkuðum á Norðurlöndunum einskorða sig ekki eingöngu við rekstur hefðbundinna matvöruverslana heldur nær starfsemi þeirra einnig til meðal annars sölu lyfja, hreinlætisvara, eldsneytis og bíla og jafnvel reksturs banka og fasteigna. Er hefð fyrir því að stór norræn smásölufélög útvíkki þannig starfsemi sína. Í því ljósi eru fyrirætlanir Haga um að kaupa Olís rökréttar.

Þetta er á meðal þess sem kemur fram í nýlegu verðmati hagfræðideildar Landsbankans á Högum.

Í matinu, sem Markaðurinn hefur undir höndum, segir jafnframt að stórar matvörukeðjur á Norðurlöndunum hafi fengið samþykki samkeppnisyfirvalda til þess að kaupa bæði skyldan og óskyldan rekstur í gegnum tíðina. Til dæmis hafi verslanakeðjan ICA keypt Hjärtat, eina stærstu apótekakeðju í Svíþjóð, í byrjun árs 2015, en ICA rekur apótekin við matvöruverslanir sínar, án þess að þarlend samkeppnisyfirvöld hafi fett fingur út í þau kaup.

Á móti hafa samkeppnisyfirvöld, að sögn greinenda Landsbankans, einnig sett samrunum á smásölumarkaði skilyrði, líkt og í tilfelli kaupa norsku keðjunnar Coop á ICA í Noregi í október 2015, en þá var norsku keðjunni gert að selja 93 af 550 verslunum ICA til óskylds fyrirtækis. Í því tilviki var hins vegar um að ræða samruna tveggja stórra smásölukeðja í beinni samkeppni. „Í tilfelli Haga og Olís sýnist okkur sem svo að rekstur félaganna sé það ólíkur að rök fyrir kröfu um sölu reksturs séu óskýr,“ segir í umfjöllun hagfræðideildarinnar.

## Markaðshlutdeild á matvörumarkaði






**Til þess að sefa áhyggjur Samkeppniseftirlitsins, sem hefur kaup Haga á Olís til rannsóknar, hafa stjórnendur Haga meðal annars boðist til þess að selja tvær Bónusverslanir og þrjár bensínstöðvar Olís.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samkeppniseftirlitið hefur sem kunnugt er til skoðunar fyrirhuguð kaup Haga, stærsta smásölufélags landsins, á Olís en eftirlitið hefur þegar látið í ljós það frummat sitt að kaupin muni að óbreyttu „draga með alvarlegum hætti úr virkri samkeppni“. Fallist eftirlitið ekki á sáttatillögur Haga, en félagið hefur meðal annars boðist til þess að selja tvær verslanir Bónuss og þrjár bensínstöðvar Olís, mun það ógilda kaupin.

Hérlend samkeppnisyfirvöld ógiltu, eins og frægt er orðið, kaup Haga á Lyfju síðasta sumar en það var mat þeirra að kaupin hefðu leitt til „skaðlegrar samþjöppunar“ á þeim mörkuðum sem félögin starfa bæði á, ekki hvað síst á hreinlætis- og snyrtivörumarkaði.

### Léttvæg rök eftirlitsins

Sérfræðingar Landsbankans telja umrædd rök léttvæg og segja erfitt að sjá hvernig neytendur hefðu borið skarðan hlut frá borði vegna kaupanna. „Versta niðurstaðan hefði líklega verið lægra verð til neytenda,“ segja þeir. Vandséð sé hvernig rekstur apóteks samhliða verslunum Haga hefði komið niður á neytendum.

Hagfræðideildin bendir auk þess á að verslanaumhverfið sé að breytast hratt og nauðsynlegt sé fyrir verslanir, smærri sem stærri, að taka þátt í þeim breytingum. Þá fari vægi jarðefnaeldsneytis minnkandi samfara tæknibreytingum og telja verði það samfélagslega hagkvæmt að rekstur fyrirtækja á þeim markaði geti tekið breytingum, neytendum til hagsbóta.

„Sala á þremur þjónustumiðstöðvum til nýrra aðila á þverrandi markaði hlýtur að teljast óhagræði og neytendur borga fyrir óhagræði,“ nefna greinendurnir.

Auk þess er bent á í verðmatinu að ekki sé gengið að vísum gróða í sölu á matvörum hér á landi. Atlantsolía hafi sem dæmi verið til sölu í nokkurn tíma án þess að kaupendur hafi fundist og þá hafi verslanir Víðis og Kosts nýverið verið teknar til gjaldþrotaskipta.

### Litlir í norrænum samanburði

Í verðmatinu kemur fram að Hagar séu lítið félag í norrænum samanburði. Þannig séu sölustaðir Haga aðeins 46 talsins en sölustaðir NorgesGruppen í Noregi 1.835, ICA í Svíþjóð 1.296, Kesko í Finnlandi 1.282 og Coop í Danmörku 1.174.

Hlutdeild umræddra matvörukeðja á sínum heimamörkuðum er jafnframt svipuð. Þannig er hlutdeild Haga á innlendum matvörumarkaði um 48 prósent og er hlutfallið það sama hjá ICA á sænska markaðinum. Hlutdeild NorgesGruppen er 42 prósent í Noregi, 43 prósent hjá Kesko í Finnlandi og 38 prósent hjá Coop í Danmörku.

Er jafnframt bent á að félögin einskorði sig ekki aðeins við rekstur hefðbundinna matvöruverslana. Coop í Danmörku starfi til að mynda einnig á sviði snyrti- og lyfja- og hreinlætisvara. ICA í Svíþjóð sé með starfsemi í Eystrasaltsríkjunum og Noregi og reki auk þess banka. Kesko í Finnlandi selji byggingavörur, bíla og tæki. Reitan Group, sem rekur matvöruverslanirnar Rema 1000 í Noregi, sé umsvifamikið í rekstri söluturna í gegnum 7Eleven og Pressbyran á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum ásamt því að selja eldsneyti og stýra fasteignafélagi.

Ljóst er því, að sögn greinenda Landsbankans, að í norrænu samhengi er hefð fyrir því að stór félög á smásölumarkaði útvíkki starfsemi sína.

# Sigla seldi eignarhluti sína í þremur félögum í fyrra

Sigla, fjárfestingarfélag Finns Reyrs Stefánssonar og Tómasar Kristjánssonar, seldi eignarhluti sína í Sjóvá, Skeljungi og Kviku banka í fyrra, að því er fram kemur í ársreikningi félagsins.



**Tómas Kristjánsson, annar eigenda Siglu.**

Félagið átti 1,7 prósenta hlut í Sjóvá, tveggja prósenta hlut í Skeljungi og 7,3 prósent í Kviku en hlutirnir voru samanlagt metnir á tæpan 1,1 milljarð króna í bókum félagsins í lok árs 2016.

Hagnaður Siglu nam 372 milljónum króna í fyrra en lungi hagnaðarins kom til vegna hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga, sem nam alls 256 milljónum, og ríflega 202 milljóna söluhagnaðar af eignarhlutum Siglu í öðrum félögum.

Sigla átti eignir upp á tæpa 4,58 milljarða króna í lok síðasta árs. Stærsta eign fjárfestingarfélagsins er 6,2 prósenta hlutur í Regin, sem er metinn á tæplega 2,1 milljarð miðað við núverandi gengi hlutabréfa í fasteignafélaginu, en Sigla átti í árslok 2017 auk þess lítinn hlut í Icelandair Group og OZ og rúmlega fjórðungshlut í Húsafell Resort sem rekur hótel og ferðaþjónustu í Húsafelli. Þá var 94 prósenta hlutur Siglu í dótturfélaginu Klasa fjárfesting metinn á tæpa 1,4 milljarða króna í lok síðasta árs.

Þeir Finnur og Tómas hafa verið á meðal umsvifamestu einkafjárfestanna í íslensku viðskiptalífi á undanförnum árum en félög í eigu þeirra og Steinunnar Jónsdóttur eru í hópi stórra hluthafa í Heimavöllum, Regin og Sjóvá. – kij

# ESA krefur íslensk stjórnvöld um svör

ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur gefið íslenskum stjórnvöldum þrjá mánuði til þess að svara fyrir það hvers vegna ekki hafi verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til að framfylgja dómi EFTA-dómstólsins um innflutningstakmarkanir sem féll í nóvember.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að íslensk löggjöf um innflutningstakmarkanir á fersku kjöti, eggjum og mjólkurvörum væri ólögleg. Ber stjórnvöldum að breyta lögum og reglum til samræmis við niðurstöðuna.



**Dómsalur EFTA-dómstólsins sem er í Lúxemborg.**

Í bréfi sem ESA sendi íslenskum stjórnvöldum í síðustu viku segir að stjórnvöld hafi brotið gegn skyldum sínum með því að hafa ekki enn brugðist við dómnum átta mánuðum síðar. Þar kemur fram að á síðasta fundi fulltrúa stjórnvalda og ESA sem haldinn var 5. júní hafi fulltrúar stjórnvalda greint frá því að frumvarp þess efnis verði líklega lagt fram á næsta þingi.

ESA segir í bréfinu að þótt enginn tímafrestur sé settur á breytingar á lögum í samræmi við EES-sáttmálann þurfi hins vegar að ganga til verks og koma breytingunum í gegn eins fljótt og unnt er. Þá geti stjórnvöld ekki borið fyrir sig erfiðar aðstæður heima fyrir eða hátt flækjustig.

Telur ESA að íslensk stjórnvöld hafi haft nægan tíma til að uppfylla skyldur sínar og hefur eftirlitsstofnunin því krafist þess að stjórnvöld geri grein fyrir máli sínu innan þriggja mánaða. Verður þá lagt mat á hvort vísa þurfi málinu til EFTA-dómstólsins eður ei. – tfh




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

# Óttast ekki launaskrið í ferðaþjónustu

**Hörður Gunnarsson, framkvæmdastjóri Iceland Travel, segir að laun séu komin að þolmörkum í ferðaþjónustu. Ferðaskipuleggjendur hafa margir hverjir ákveðið að hvíla Ísland á meðan gengið er jafn sterkt og raun ber vitni. Aukinn áhugi er á Íslandi frá Norður-Ameríku og Asíu en þar er sumarfrí styttra.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is





„Við höfum þurft að segja upp fólki, því miður, en miðað við fjölda starfsmanna Iceland Travel er það ekki stór hópur. Við höfum einnig ekki ráðið í staðinn fyrir þá starfsmenn sem hafa hætt hjá okkur að eigin frumkvæði," segir Hörður Gunnarsson, framkvæmdastjóri Iceland Travel. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON

Gengisstyrking krónu og hækkandi launakostnaður hefur knúið Iceland Travel til að hækka verð á ferðum á hverju ári en nú er komið að þolmörkum. Það er 20-30 prósenta samdráttur í bókunum í sumar," segir Hörður Gunnarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Iceland Travel annast móttöku erlendra ferðamanna og er í eigu Icelandair Group.

„Skýringin er einföld. Viðskiptavinir okkar, sem eru að mestu erlendar ferðaskrifstofur, segja að Ísland sé orðið of dýr áfangastaður. Ferðaskipuleggjendur hafa margir hverjir ákveðið að hvíla Ísland á meðan gengið er svona sterkt og senda ferðamenn þess í stað til Noregs, Norður-Svíþjóðar og Finnlands," segir hann.

Iceland Travel er langstærsta fyrirtæki sinnar tegundar hérlendis, að hans sögn, en það velti um 13 milljörðum króna í fyrra. „Við erum með markaðsstarf um allan heim. Við þjónustum fyrst og fremst erlendar ferðaskrifstofur en höfum verið að færa okkur á neytendamarkað og ætlum að gera okkur gildandi á því sviði. Við bjóðum einnig ráðstefnu- og hvataferðir og fyrir þremur árum stofnuðum við vörumerkið Nine Worlds sem þjónustar fágætisferðamenn [lúxusferðamennsku, innskot blm.]. Þessu til viðbótar erum við með öfluga þjónustu fyrir skemmtiferðaskip sem sigla til landsins," segir Hörður.

Fram kom í afkomuviðvörun Icelandair Group fyrir skemmstu að töluverðar afbókanir hefðu verið hjá hópum hjá Iceland Travel vegna minnkandi samkeppnishæfni Íslands sem myndi valda lakari afkomu í þeim rekstri á þessu ári. „Sennilega áttu um 80 prósent af okkar farþegum sem hafa afbókað að fljúga með Icelandair. Iceland Travel er hins vegar ekki stórt á mælikvarða Icelandair Group."

**Afkoman verður í járnum**

*Hvernig verður afkoman á þessu ári?*

„Hún verður í járnum. Við gerum ráð fyrir að spýta í lófana á seinni hluta ársins. Við erum að leggja drög að okkar sóknarleik og munum snúa stöðunni við. Það er engan bilbug á okkur að finna. Það eru sóknarfæri víða, til dæmis í hvataferðum og fágætisferðamennsku, auk þess sem við verðum að laga aðrar ferðir betur að markaðnum."

Aðalverkefnið í ferðaþjónustu um þessar mundir sé að hagræða og meðal annars nýta stafræna tækni í meira mæli til þess. „Við erum rétt að byrja á þessari stafrænu vegferð."

*Hvernig hafið þið brugðist við breyttu landslagi?*

„Við vinnum stöðugt að því að finna samstarfsgrundvöll með birgjum og við erum í stöðugri vöruþróun. Samdrátturinn nú er fyrst og fremst vegna þess að ferðamenn stytta dvöl sína. Nú kjósa margir viðskiptavinir helst að ferðast um suðvesturhornið og

## Grefur undan íslenskri ferðaþjónustu

„Ein helsta ógnin við íslensk fyrirtæki í ferðaþjónustu er sú að fyrirtæki á Íslandi búa ekki við sama samkeppnisgrundvöll og erlendir aðilar sem flytja jafnvel rútur og starfsfólk hingað til lands og lúta ekki starfsreglum íslensks vinnumarkaðar," segir Hörður.

„Þessir aðilar komast upp með að greiða ekki sömu laun og íslensk fyrirtæki og geta, sum hver, sneitt fram hjá skattheimtu. Leikreglur verða að vera sambærilegar fyrir fyrirtæki á samkeppnismarkaði. Stjórnvöldum ber skylda til að taka þessi mál til skoðunar enda er þetta ólöglegt athæfi sem grefur undan íslenskri ferðaþjónustu."

Að hans sögn er töluvert um slík brot á Íslandi en erfitt sé að henda reiður á umfanginu.

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 18. JÚLÍ 2018



„Okkur finnst mikilvægt að þvinga ekki fram einhvern stíl heldur leyfa hlutunum að gerast og koma náttúrulega," segir Björn Steinar. MYND/ANTON BRINK

# Þvinga ekki fram stílinn

Íbúð Björns Steinars og Steinunnar Eyju einkennist af fallegum hlutum af nytjamörkuðum í bland við eigin hönnun. Þau dreymir um að byggja kofa uppi í sveit. 2






Vinnuborð Steinunnar Eyju Halldórsdóttur fatahönnuðar.





Kötturinn Pestó sultuslakur í rúminu.



Fagurbleikt baðherbergið vekur alltaf mikla athygli þeirra sem heimsækja Björn og Steinunni.



Samansafn af plöntum.



Hluti af Catch of the day innsetningunni.



Til vinstri er frumgerð af stól fyrir skóla í Ulyankulu í Tansaníu. MYNDIR/ANTON BRINK

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Íbúð Björns Steinars Blumenstein vöruhönnuðar og kærustu hans, Steinunnar Eyju Halldórsdóttur fatahönnuðar, er samansett af ýmsum hlutum sem þau hafa fundið í gegnum tíðina. Björn segir þau aldrei hafa lagt áherslu á að safna hönnunarvarningi heldur frekar haft gaman af því að finna skemmtilegar mublur á nytjamörkuðum, búa eitthvað til og laga. „Í ofanálag líður okkur best með mikið af plöntum og grænu. Við leggjum mikla áherslu á að líða vel í íbúðinni en eitt það fáa sem okkur finnst vanta upp á er þvottavél. Annars dreymir okkur um að byggja kofa uppi í sveit þar sem við getum verið með hænur og svín sem gæludýr.“

Þar sem Björn og Steinunn eru á leigumarkaði gefst ekki mikið svigrúm til breytinga á íbúðinni. „Við höfum látið duga að mála baðherbergið bleikt og hengja upp fyndna list. Okkur finnst mikilvægt að þvinga ekki fram einhvern stíl heldur leyfa hlutunum að gerast og koma náttúrulega, bæta svo við miklu magni af plöntum til að líða vel. Annars er bláa kommóðan sem við fundum á nytjamarkaði á Akranesi í mestu uppáhaldi en svo þykir okkur gaman að blanda eigin hönnun inn á milli í íbúðinni.“

Björn Steinar er sjálfstæður vöruhönnuður sem vinnur að því marki að umbreyta samfélagslegum raunveruleika með hönnun sinni. „Ég er af kynslóð hönnuða sem eru að hanna fyrir heim sem er nú þegar yfirfullur af söluvörum og tilgangslausum freistingum. Mér finnst brýn nauðsyn að finna lausnir á fjölda vandamála og af þeirri ástæðu fylgi ég því sem kallast and-kapítalísk hönnunaraðferð, sem er heiðarleg hönnun með raunverulegan tilgang, sem er gagnleg fyrir samfélag jafnt og plánetuna okkar.“

Eftir útskrift af vöruhönnunarbraut Listaháskóla Íslands árið 2016 hefur Björn einbeitt sér að ýmsum ólíkum og áhugaverðum verkefnum. „Ég hlaut nýverið lítinn styrk frá Hönnunarsjóði til að hefja framleiðslu á vodka úr matarafgöngum en verkefnið ber nafnið Catch of the day. Skógarnytjar er samstarfsverkefni með Skógræktinni sem snýr að betri nýtingu skógarafurða og nú síðast kom ég að þróun húsgagna fyrir skóla í Ulyankulu í Tansaníu í samstarfi við pólsku arkitektastofuna Jeju.“

Hér sýnir Björn Steinar ýmis húsgögn og muni úr íbúð þeirra Steinunnar Eyju.





Vinnuborð Björns Steinars til vinstri og safn smámuna hægra megin.




Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

## Bílar & Farartæki



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Varahlutir




## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is




## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Almenn garðvinna, sláttur, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta



www.parketogmalun.is 25 ára reynsla. Parketslípun, sólpallaslípun, korkslípun og parketlagnir. S:7728100 Erum á facebook Parket og málun.

## Keypt & Selt

## Til sölu




Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677







HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.

Topplausnir

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

## Til sölu

STIGA



**Stiga TwinClip 50 SB**
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S 625E mótor
Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svar
70 lítra kassi, "notendavænn"
Frábær vél í flestan slátt

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heilsa

## Nudd

**HEILSUNUDD**
Nuddstofan, opið frá 10-20. einnig á laugardögum S. 561 6254

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**FOR RENT**

**TIL LEIGU 2JA HERB. ÍBÚÐ**
For rent two bedroom apartment.

Til leigu góð 2ja herb. 70 fm íbúð með yfirbyggðum svölum í Krummahólum.
Reglusemi áskilin.
**Uppl. sendist á antonben@simnet.is eða í síma: 895-9376**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Atvinna

## Atvinna í boði

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**
Silfri ehf óskar eftir öflugum trailer bílstjóra. Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

**- BÍLSTJÓRA VANTAR Á FJÖGURRA ÖXLA TRUKK -**
Silfri ehf óskar eftir bílstjóra á fjögurra öxla trukk.

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**STARFSFÓLK Í BOÐI**
Höfum í okkar röðum áreiðanlegt og reynslumikið starfsfólk í hin ýmsu verkefni. Meðal annars í smíðavinnu, flísalagnir og aðra múrvinnu, pipulagnir, vélavinnu og málningarvinnu ásamt allri almennri verkamannavinnu.
**Manngildi Starfsmannaþjónusta**

**s.780-1222**

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

Kringlan · SMÁRALIND · FJÖRÐUR · BÓNUS · KJÖRBÚÐIN · Krambúð · nettó · N1 · olís · bóksala stúdenta · Háma





FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK



Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000 HANDAFL STARFSMANNAVEITA info@handafl.is | handafl.is

Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Suðurlandið í styttri ferðum. Það þarf einnig að taka tillit til samsetningar ferðamanna. Það er aukinn áhugi á Íslandi á meðal ferðamanna frá Norður-Ameríku og Asíu og þetta fólk fær styttri frí en Evrópubúar. Þetta skiptir allt máli."

*Hafið þið þurft að segja upp fólki til að bregðast við breyttum aðstæðum?*

„Við höfum þurft að segja upp fólki, því miður, en miðað við fjölda starfsmanna Iceland Travel er það ekki stór hópur. Við höfum einnig ekki ráðið í staðinn fyrir þá starfsmenn sem hafa hætt hjá okkur að eigin frumkvæði. Starfsmennirnir eru nú 170."

*Segðu mér frá breyttu landslagi í ferðaþjónustu.*

„Vöxturinn hefur verið alltof hraður á undanförnum árum. Breytt landslag má fyrst og fremst rekja til þess að krónan hefur styrkst umtalsvert á undanförnum árum. Samhliða því hafa laun og tilkostnaður hækkað gríðarlega. Þegar krónan var veikari studdi hún við bætta samkeppnisstöðu Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn. Nú þegar krónan er sterkari hefur það þau áhrif að ferðamenn stytta dvöl sína. Iceland Travel hefur ávallt skipulagt ferðir hringinn í kringum landið. Áður fyrr fóru ferðamenn hringinn á 10-15 dögum. Þeir stoppuðu víða og skoðuðu landið gaumgæfilega. Nú ferðast þeir einkum um Suðurlandið á 4-6 dögum. Landsbyggðin fer því einna verst út úr breyttu ferðamynstri. Verkefni fyrirtækja í ferðaþjónustu er að mæta breyttri hegðun ferðamanna með breyttu vöruframboði sem er þá einkum styttri ferðir, sem eru á kostnað landsbyggðarinnar. Það munu áfram koma hópar til landsins og því eru mikil tækifæri fram undan fyrir okkur."

**Afkoman verður í járnum í ár. Við gerum ráð fyrir að spýta í lófana á seinni hluta ársins. Við erum að leggja drög að okkar sóknarleik og munum snúa stöðunni við.**

**20-30%**

**samdráttur er í bókunum hjá Iceland Travel í sumar.**

*Hvað finnst ferðamönnum um þetta vota og dapra sumar okkar?*

„Við fylgjumst grannt með ánægju okkar gesta og það er gaman að geta sagt frá því ferðamenn eru mjög ánægðir með Ísland og þá upplifun sem landið hefur upp á að bjóða. Við kynnum ekki Ísland sem sólarland heldur land með ægifagurri náttúru, heillandi menningu og stað sem hefur fjölmarga afþreyingarmöguleika."

### Skapast rými fyrir hvataferðir

Talið berst að hvataferðum. „Þær hafa gengið ágætlega í ár og hafa staðist áætlanir. Við sjáum jafnvel vöxt á þeim vettvangi jafnvel þótt aðrir markaðir hafi gefið eftir. Það sem hefur háð þeim markaði á undanförnum árum er hve gistirými hefur verið takmarkað, sérstaklega yfir háönn fyrir stóra hópa. Það var flöskuhálsinn því hótelin hafa verið uppbókuð.

Nú er hins vegar samdráttur í skipulögðum hópferðum og því hefur skapast rými fyrir stærri hvataferðahópa. Við getum loksins svarað kalli markaðarins. Það eru nokkur hótel sem eru með yfir 200 herbergi og geta tekið við þessum gestum. Almennt séð eru þetta fjögurra stjörnu hótel og þau eru allnokkur hérlendis. Sá hópur er ágætlega borgandi og kýs hátt þjónustustig."

Fram hefur komið í fjölmiðlum að samkvæmt samantekt Iceland Luxury, sem er meðal annars í eigu Icelandair Group, Bláa lónsins og Landsbankans, eru tekjur af ferðamanni í lúxusferð hérlendis að meðaltali sexfalt meiri á gistinótt en af hefðbundnum ferðamönnum. Slíkir fágætisferðamenn eyði um 200 þúsund krónum á dag en hefðbundnir ferðamenn 34.500 krónum með flugi og gistingu. Þeir gista þó skemur hér á landi.

### Tíu starfsmenn Nine Worlds þjóna lúxusferðamönnum

„Við stofnuðum Nine Worlds fyrir röskum þremur árum sem þjónustar fágætisferðamenn. Í upphafi vorum við með einn og hálfan starfsmann í vinnu en nú eru þeir orðnir tíu. Við byrjuðum á núlli og reksturinn hefur gengið prýðilega," segir Hörður. „Sá markaður er duttlungafullur og tekur ákvarðanir um komu með skömmum fyrirvara. Mögulega er beðið um tilboð í dag og þeir vilja koma í næstu viku."

*Óttast þú launaskrið í ferðaþjónustu í komandi kjaraviðræðum?*

„Nei. Rekstrarskilyrði í ferðþjónustu hafa verið erfið síðustu tvö ár með vaxtarverkjum og styrkingu krónunnar, það er því þörf á meiri hagræðingu í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja. Laun í ferðaþjónustu eru komin að þolmörkum. Það væri ekki nema aðrar atvinnugreinar geti boðið mun betur en við. Vinnuafl fer þangað sem best er boðið hverju sinni."

*Iceland Travel og rútufyrirtækið Gray Line skoðuðu sameiningu sem hætt var við. Hafið þið áhuga á að taka þátt í yfirvofandi samrunum í ferðaþjónustu?*

„Það kann vel að vera. Það er mikilvægt að vera opinn fyrir því ef tækifærið kemur. Núna er fókusinn fyrst og fremst á að gera betur í rekstrinum."

*Eru líkur á að ferðamönnum til Íslands muni fækka vegna dýrtíðar?*

„Það þarf ekki að vera en samsetning ferðamanna gæti breyst. Eins og áður hefur komið fram hefur dvalartími þeirra styst og þeir eyða minna. En ferðamenn hafa enn áhuga á að heimsækja landið. Vefurinn okkar er gríðarlega mikið notaður og 170 þúsund manns fylgja okkur á samfélagsmiðlinum Instagram. Rúmlega 40 þúsund manns fylgja okkur á Facebook. Það er því mikill áhugi á Íslandi og enn eru mikil tækifæri í íslenskri ferðaþjónustu."

*Hvernig hefur rekstur Iceland Travel gengið?*

„Rekstur hefur gengið ágætlega undanfarin ár. Við höfum vaxið um 20-30 prósent á ári í takt við aukinn ferðamannstraum til landsins. Sá vöxtur var ekki nógu arðbær á árunum 2016 og 2017. Það má rekja til mikils álags og of mikils vaxtar. Það vantaði jafnvægi í reksturinn."

## Endurskoðandi sem helgaði ferðaþjónustu krafta sína

Hörður er löggiltur endurskoðandi en hefur starfað í ferðaþjónustu nánast alla sína starfsævi. „Tilviljun réð því að ég fór í ferðaþjónustu. Eftir útskrift vildi ég afla mér reynslu úr atvinnulífinu áður en ég myndi að helga endurskoðun starfskrafta mína. Á þeim tíma var mér boðið starf fjármálastjóra Samvinnuferða Landsýnar. Eftir að hafa starfað þar í fjögur ár fór ég í endurskoðun en skömmu seinna var mér boðið starf framkvæmdastjóra Úrvals-Útsýnar í árslok 1989, sem var þá í eigu Flugleiða," segir hann.

„Ég hafði fengið smjörþefinn af ferðaþjónustunni og það kitlaði að hefja störf aftur á þeim vettvangi. Ég vildi fá tækifæri til að móta tölurnar en ekki fara yfir þær. Það sem kitlaði við ferðaþjónustuna var mannleg samskipti. Auðvitað bauðst á þeim vettvangi líka tækifæri á að sjá heiminn, sem ég hafði ekki gert mikið af, og þótti spennandi. Þetta var mikil áskorun. Á þeim tíma vorum við bæði að koma Íslendingum til sólarlanda og flytja inn ferðamenn. Leiguflug, sem við buðum upp á, voru lággjaldaflugfélög þess tíma. Það var hagkvæmara að geta flogið beint á áfangastað og bjóða aðeins upp á ferðirnar tímabundið þegar eftirspurnin var til staðar í stað þess að halda úti flugleiðum árið um kring."





ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# Skuldin var eiganda AC Milan ofviða

**Bandarískur vogunarsjóður tók AC Milan yfir eftir að kínverskur eigandi knattspyrnuliðsins greiddi ekki 32 milljóna evra afborgun af skuld sinni við sjóðinn. Enginn fjárfestir var reiðubúinn til þess að endurfjármagna lánið. Vogunarsjóðurinn hyggst ekki selja félagið í bráð.**

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is






Vogunarsjóðurinn Elliott Management hefur lofað að auka hlutafé ítalska knattspyrnufélagsins um 50 milljónir evra, jafnvirði rúmlega sex milljarða króna, og koma rekstri félagsins á réttan kjöl. Nordicphotos/Getty



Paul Singer, stofnandi Elliott Management.



Li Yonghong, fyrrverandi eigandi AC Milan.

**32** milljónir evra var afborgunin sem Li Yonghong stóð ekki skil á af skuld sinni við Elliott Management.

Ólíklegt þykir að bandaríski vogunarsjóðurinn Elliott Management, sem tók í síðustu viku yfir ítalska knattspyrnufélagið AC Milan, muni selja félagið í bráð. Vilji sjóðsins stendur fremur til þess að skjóta styrkari stoðum undir fjárhag félagsins og koma því aftur í fremstu röð á meðal evrópskra knattspyrnuliða. Þegar því takmarki er náð, mögulega innan átján mánaða, hyggst vogunarsjóðurinn, sem milljarðamæringurinn Paul Singer stýrir, selja ítalska félagið.

Þetta herma heimildir The Financial Times sem birti um helgina ítarlega fréttaskýringu um ástæður þess að kínverski kaupsýslumaðurinn Li Yonghong missti AC Milan í hendur vogunarsjóðsins aðeins fimmtán mánuðum eftir að hann eignaðist félagið.

Kaup Li á AC Milan, sem er eitt sigursælasta félag í evrópskri knattspyrnusögu, í apríl í fyrra markaði endalok tveggja áratuga valdaskeiðs Silvio Berlusconi, fjölmiðlamóguls og fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, hjá félaginu. Kaupverðið var 740 milljónir evra, jafnvirði 90 milljarða króna, en til þess að auðvelda fjármögnun kaupanna veitti Elliott Li yfir 300 milljóna evra lán. Lánið, sem bar afar háa vexti, átti eftir að draga dilk á eftir sér.

### Elliott gat ekki tapað

„Ég hef ekki grænan grun um hvernig Li ætlar að greiða vextina,“ sagði einn viðmælenda The Financial Times, sem þekkir vel til stöðu mála, sama dag og tilkynnt var um kaup Kínverjans í fyrra. „Sama hvað gerist, þá mun Elliott hafa betur,“ bætti hann við. „Ef Li borgar, þá vinnur Elliott og ef hann borgar ekki mun Elliott taka félagið yfir. Ég býst við því að Elliott muni eiga AC Milan í október á næsta ári,“ sagði hann en þá var lánið á lokagjalddaga.

Viðmælandinn reyndist sannspár þó svo að tímasetningin hafi ekki verið sú rétta. Elliott eignaðist AC Milan í síðustu viku eftir að Li greiddi ekki 32 milljónir evra af láni vogunarsjóðsins á réttum tíma.

Fulltrúar vogunarsjóðsins furðuðu sig á því að Li skyldi ekki hafa greitt af láninu. Áður en kom að gjalddaga hefði hann fengið „nokkur tækifæri“ til þess að selja hlut í félaginu til þess að fjármagna greiðsluna til sjóðsins. „Hvers vegna innti hann ekki greiðsluna af hendi á föstudag?“ spyr einn sem tók þátt í viðræðum fulltrúa Elliott og Li. „Hann hefur tapað 500 milljóna dala hlut.“

Að sögn kunnugra hafði Li síðustu sex mánuði reynt að finna útgönguleið. Hann ferðaðist meðal annars til Lundúna í leit að fjárfestum sem væru reiðubúnir til þess að endurfjármagna skuldir hans við vogunarsjóðinn. Það gekk ekki þrautalaust fyrir sig. „Enginn vildi hjálpa honum,“ segir einn viðmælandi The Financial Times.

Margir undruðust stranga skilmála láns vogunarsjóðsins. „Ég þurfti að lesa skilmálana þrisvar. Ég hélt að þetta væri vísindaskáldskapur,“ nefnir annar viðmælandi blaðsins. „Ég hef aldrei nokkurn tímann séð neitt þessu líkt. Ég trúði því ekki að einhver hefði skrifað undir þessa skilmála.“

### Dýru verði keypt

Af skilmálunum er ljóst að stuðningur Elliott var dýru verði keyptur. 180 milljóna evra lán sjóðsins til eignarhaldsfélags Li í Lúxemborg bar árlega vexti upp á meira en 11 prósent og var auk þess svonefnt PIK-lán sem þýðir að áfallnir vextir bættust við höfuðstólinn og skyldu greiðast í lokin. Umrætt lán er sagt hafa fælt fjárfesta, fyrst og fremst vogunarsjóði í Lundúnum, frá því að ganga til samninga við Li. „Vandamálið var alltaf lánið sem eignarhaldsfélagið tók,“ segir einn ráðgjafi Kínverjans. Nokkrir sjóðir lýstu yfir áhuga á því að eignast skuldir sjálfs knattspyrnufélagsins, AC Milan, en enginn var reiðubúinn til þess að endurfjármagna hávaxtalánið.

Þá vakti það grunsemdir margra fjárfesta hve takmarkaðar upplýsingar voru opinberar um auð Kínverjans. „Hann gat ekki sýnt fram á að hann hefði bolmagn til þess að styðja við félagið og marga grunaði að hann væri yfirskuldsettur í Kína,“ nefnir ráðgjafinn. „Eina sem var vitað um hann var að hann tengdist fosfórvinnslu og fasteignabraski.“

Einn vogunarsjóðsstjóri sem Li leitaði til lýsti skuldum Kínverjans við Elliott sem „ófjárfestanlegum“. Ekki hefði komið til greina að kaupa þær. „Þegar þeir [ráðgjafar Li] nefndu að fjölskylda hans ætti fosfórnámur í Kína, þá vissum við að þetta væri ekki fjárfesting fyrir okkur.“

### Þrír buðu í félagið

Hjólin fóru hins vegar fljótt að snúast í byrjun júnímánaðar þegar ljóst varð að Li myndi vart geta staðið í skilum við Elliott. Þrír fjárfestar gerðu tilboð í ítalska félagið: Rocco Commisso, hinn ítalsk-ameríski eigandi knattspyrnuliðs New York Cosmos, Ricketts-fjölskyldan, sem á hafnaboltalið Chicago Cubs, og rússneski milljarðamæringurinn Dmitry Rybolovlev, eigandi AS Monaco.

Heimildir herma að Commisso hafi gert þrjú tilboð í AC Milan sem hafi öll verið hærri en virði félagsins í bókum Elliott, sem er 380 milljónir evra, en Li er sagður hafa hafnað þeim öllum.

Síðarnefndu fjárfestarnir tveir áttu í viðræðum við fulltrúa Elliott en fulltrúarnir höfnuðu að lokum – eftir langa næturfundi – málaleitan fjárfestanna og sögðu heillavænlegast að sjóðurinn sjálfur tæki félagið yfir. „Það var allt á tjá og tundri. Bankamenn, lögfræðingar og ráðgjafar höfðu unnið að þessu í sex mánuði og í lokin var árangurinn enginn,“ segir einn sem stóð nærri viðræðunum.

Allt í einu var Elliott Management, sjóðurinn sem er þekktari fyrir að kaupa minnihluta í fyrirtækjum og kalla eftir breytingum í rekstri þeirra en að hafa full yfirráð yfir fyrirtækjum, orðinn eini eigandi 119 ára gamals knattspyrnufélags á Ítalíu.

Sjóðurinn hyggst ekki selja félagið í bráð en í síðustu viku lofaði hann því að auka hlutafé þess um 50 milljónir evra. Sjóðurinn hefur jafnframt biðlað til Riccardo Silva, eiganda Miami FC, um að hjálpa sér að koma skikki á rekstur AC Milan. Enn fremur eru sögusagnir á kreiki um að vogunarsjóðurinn ætli að láta byggja nýjan leikvang fyrir félagið en það deilir núverandi heimavelli, hinum sögufræga San Siro leikvangi í norðvesturhluta Mílanóborgar, með erkifjendunum í Inter Milan.

Vogunarsjóðurinn hyggst hins vegar ekki eiga knattspyrnufélagið til langframa enda eru slíkir sjóðir alla jafna ekki langtímafjárfestar. Er talið sennilegt að Elliott selji félagið innan átján mánaða, að því er segir í fréttaskýringu The Financial Times.

# Útflutningur í lausamöl



**Konráð S. Guðjónsson**
hagfræðingur
Viðskiptaráðs

Komdu í smá hugarleikfimi: Horfðu í kringum þig og veltu fyrir þér hvaða hlutir eru framleiddir á erlendri grundu. Síminn eða tölvan sem þú lest þessa grein í er væntanlega innflutt. Lesir þú blaðið á gamla og góða mátann er það væntanlega ekki innflutt, en pappírinn, blekið og tækin í prentsmiðjunni eru líklega innflutt. Lyfin sem þú tókst í morgun eru líklega innflutt, ef ekki þá eru tækin sem framleiddu þau innflutt. Er kannski erfitt að finna fyrirbæri sem eru ekki innflutt eða byggja ekki á innflutningi? Jafnvel ómögulegt?

### Ekkert er ókeypis

Prentvélar, símar, tölvur, lyf og svo framvegis. Allt kostar þetta eitthvað. Ekkert er ókeypis og til þess að afla einhvers þarf að láta annað af hendi. Í þessu tilfelli gjaldeyri sem aflað er með öflugum útflutningi (eða erlendri lántöku, en við munum öll hvernig það fór þegar hún var of mikil). Útflutningur er að sjálfsögðu ekki eina forsenda þess að við getum stuðlað að góðum lífskjörum, en það er óhugsandi að ímynda sér Ísland með sínum tækifærum og samfélagslegu innviðum án viðskipta við útlönd.

### Tansanía í dag er Ísland 1918

Tölurnar tala sýnu máli. Útflutningur er 47% af árlegri verðmætasköpun Íslands (eða vergri landsframleiðslu). Innflutningur er á hinn bóginn um 43%, eða tæplega 1.100 milljarðar króna – næstum 16 svokallaðar Borgarlínur í innflutning á einu ári. Við fullveldi Íslands árið 1918 var hlutfall útflutnings litlu lægra (38%) en aftur á móti hefur landsframleiðsla á mann nærri 18-faldast síðan þá, sem byggir á samsvarandi vexti útflutnings. Það þýðir að lífskjör í Tansaníu eða á Vanúatú eru í dag, á mælikvarða landsframleiðslu, áþekk því sem var á Íslandi fyrir 100 árum síðan.

„Hvers vegna segir hann frá einhverju svona augljósu?“ kunna sumir lesendur að spyrja sig. Tíðindi síðustu mánaða benda eindregið til þess að rekstrarumhverfi útflutnings og horfurnar í efnahagslífinu hafi versnað og því er sjaldan betri tími til að minna á þessi augljósu sannindi. Í síðustu viku birtust fréttir um að afkoma tveggja af stærstu útflutningsfyrirtækjum landsins fari versnandi. Þetta eru fyrirtæki í stærstu atvinnugrein landsins, ferðaþjónustu, sem hefur staðið undir allt að helmingi efnahagsuppgangs síðustu ára – atvinnugrein sem allir sjá að horfir fram á hægari vöxt.

Hækkun launakostnaðar umfram framleiðni, ríflega 50% hækkun olíuverðs á einu ári og vaxandi erlend samkeppni er svo eitthvað sem fyrirtæki í öllum geirum finna fyrir. Ekki má heldur gleyma því að laun á Íslandi eru með því hæsta sem gerist og að Ísland er dýrasta OECD ríkið, sem getur reynst dýrkeypt fyrir fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni. Í hækkun launa og sterkri krónu getur auðvitað falist jákvæð þróun en í heimi harðnandi samkeppni getur sú þróun engu að síður leikið landsmenn grátt ef hún er ósjálfbær til lengri tíma.

### Varlega en örugglega inn á meðalveginn

Fyrirtæki landsins vilja og geta sannarlega lagt sitt af mörkum til samfélagsins, en þau eru síður en svo botnlaus brunnur launahækkana og skatttekna. Feta þarf frekar hinn gullna meðalveg líkt og svo oft í lífinu. Varla finnast skýrari vísbendingar um að við séum komin út í lausamöl á þeim vegi heldur en þegar horfur fara versnandi í helstu útflutningsgreinum. Til að komast aftur inn á veginn gildir það sama og ef maður lendir í lausamöl úti í vegarkanti – varlega en örugglega þarf að stýra sér aftur inn á veginn. Í þessu samhengi þýðir það t.d. hófstillta kjarasamninga, að stjórnvöld stuðli að öflugu atvinnulífi með eins skilvirku skattkerfi og regluverki og unnt er og að peningastefna Seðlabankans styðji við nauðsynlegar fjárfestingar. Þannig geta útflutningsfyrirtæki, önnur fyrirtæki og efnahagslífið allt vaxið og dafnað – öllum til velsældar.




westfalia AUTOMOTIVE

# DRÁTTARBEISLI

**Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og tímapantanir hjá söluaðilum um land allt.**

MotorMax

**Motormax ehf.**
**Vatnagarðar 12**
**Sími: 545 4040**

## Söluaðilar Motormax:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Toyota **Kauptúni** | Toyota **Akureyri** | Toyota **Reykjanesbæ** | Toyota **Selfossi** | TOPPBÍLAR | Kaupfélag Skagfirðinga |
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Kletthálsi 2 | Ártorgi 1 |
| Garðabæ | 603 Akureyri | 260 Reykjanesbær | 800 Selfossi | 110 Reykjavík | 550 Sauðárkrókur |
| Sími: 570-5070 | Sími 460-4300 | Sími 420-6600 | Sími 480-8000 | Sími 587-2000 | Sími 455-4500 |

# Skotsilfur

## „Fullmikill“ hagnaður



Eins og greint var frá fyrr í vikunni nam hagnaður rekstrarfélags IKEA á Íslandi ríflega 980 milljónum króna á síðasta rekstrarári sem lauk í ágúst í fyrra og jókst um 30 prósent frá fyrra ári. Hefur hagnaðurinn aldrei verið meiri á einu ári. Margir minnast ummæla **Þórarins Ævarssonar,** framkvæmdastjóra IKEA, í Fréttablaðinu síðasta sumar þar sem hann sagðist vera þeirrar skoðunar að hagnaðurinn fyrir rekstrarárið 2015 til 2016 hefði verið „fullmikill“. „Við erum að reyna að vinda ofan af því eins og við getum,“ bætti hann við. Það virðist ganga erfiðlega miðað við afkomu síðasta rekstrarárs.

## Sterkt uppgjör



Uppgjör smásölukeðjunnar Festar fyrir síðasta rekstrarár sem lauk í febrúar kom mörgum á óvart. Þrátt fyrir harðari samkeppni með innreið Costco til landsins og miklar launahækkanir hækkaði EBITDA smásölustarfsemi félagsins um 2,4 prósent frá fyrra rekstrarári og vörusalan jókst um 2,3 prósent að teknu tilliti til aflagðrar starfsemi. Það er öllu betri árangur en hjá helsta keppinautnum, Högum, þar sem EBITDA lækkaði á sama tíma um 31 prósent á milli ára og sala dróst saman um 4,4 prósent. Í því ljósi mega **Jón Björnsson,** forstjóri Festar, og félagar vel við una.

## Ragnar til ÍV



**Ragnar Benediktsson,** sem hefur starfað sem hlutabréfagreinandi hjá greiningarfyrirtækinu IFS, hefur gengið til liðs við Íslensk verðbréf þar sem hann mun starfa við sjóðastýringu. Ragnar starfaði í þrjú ár hjá IFS en þar áður var hann greinandi hjá fjármálafyrirtækinu PT Trimegah Sekuritas í Jakarta í Indónesíu. Hann lauk jafnframt meistaragráðu í hagfræði frá Peking-háskóla árið 2014. Nokkuð hefur verið um breytingar á starfsmannahópi Íslenskra verðbréfa að undanförnu en fyrr á árinu gengu þau Harpa Samúelsdóttir, Jón Eggert Hallsson og Ottó Biering Ottósson til liðs við verðbréfafyrirtækið.

# Lofaði að efla breska fluggeirann



Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, sótti eina stærstu flugsýningu heims á Farnborough-flugvellinum fyrr í vikunni. Forstjórar flugfélaga hafa hótað að flytja starfsemi félaga sinna úr landinu nái bresk stjórnvöld ekki góðum samningum við Evrópusambandið í kjölfar útgöngu Breta úr sambandinu en May reyndi að fullvissa þá um að framtíð fluggeirans væri björt. Stjórnvöld myndu veita meira fé til greinarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Betur má ef duga skal



**Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Landslið Íslands í knattspyrnu hefur veitt landsmönnum mikla gleði og vakið aðdáun fyrir afrek sín, ekki síst það mikla afrek að komast á heimsmeistaramótið. Það er sérstakt til þess að hugsa að árið 2010 var liðið í 112. sæti FIFA-listans og fjarlægur draumur að keppa á heimsmeistaramótinu. Staðan hefur svo sannarlega gjörbreyst á stuttum tíma. Ýmsar skýringar eru á þessum mikla árangri, ekki síst þrotlaus vinna þjálfara, leikmanna og annarra sem að undirbúningi koma og góður aðbúnaður víða um land. Markviss uppbygging skilar þannig árangri. Það á sannarlega við á fleiri sviðum – samkeppnishæfni Íslands og í nýsköpun. Horfurnar þar eru ekki góðar en Ísland hefur nú fallið um 10 sæti í alþjóðlegri mælingu Alþjóðahugverkastofnunarinnar, Global Innovation Index (GII), á nýsköpun í ríkjum heims. Nú er Ísland í 23. sæti en var í 13. sæti árið 2017. Niðurstöðurnar voru birtar þann 10. júlí síðastliðinn.

**Drifkraftur vaxtar**

Rétt eins og í knattspyrnu keppa ríki heims sín á milli um að búa þegnum sínum sem best lífskjör og skapa þannig aðlaðandi aðstæður fyrir fólk og fyrirtæki. Samkeppnishæfni þjóða skiptir þannig máli varðandi velsæld landsmanna. Þau fjögur málefni sem skipta mestu máli fyrir samkeppnishæfni þjóða eru menntun, innviðir, nýsköpun og starfsumhverfi. Með umbótum á þessum sviðum stöndum við okkur betur í samkeppni þjóða, aukin verðmæti verða til sem standa undir auknum lífsgæðum.

Nýsköpun er ein meginforsenda framleiðniaukningar, verðmætasköpunar, samkeppnishæfni og gjaldeyrisöflunar fyrirtækja og þjóða. Nýsköpun mun að stórum hluta leysa þær áskoranir sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir og má nefna loftslagsmál og heilbrigðismál með öldrun þjóða.

Hinn alþjóðlegi mælikvarði sem um ræðir, GII, leitast við að mæla þá samverkandi þætti sem leiða til

**Ísland hefur nú fallið um 10 sæti í alþjóðlegri mælingu Alþjóðahugverkastofnunarinnar á nýsköpun í ríkjum heims.**

öflugrar nýsköpunar þar sem tillit er tekið til fjölmargra þátta, samanber stöðu menntakerfis, einkaleyfismál, fjárfestingar í tækniþróun og samstarf háskóla og atvinnulífs við rannsóknir og þróun. Markmið Samtaka iðnaðarins er að Ísland verði orðið meðal fimm efstu landa samkvæmt þessum mælikvarða árið 2020.

**Dregur úr skilvirkni**

Ýmislegt gengur vel og má nefna að við verjum miklum fjármunum í menntakerfið í samanburði við önnur ríki (3. sæti) og birtar vísindagreinar á sviði raunvísinda og tækni eru fleiri en gengur og gerist með hliðsjón af landsframleiðslu (4. sæti). Ýmsir þættir draga Ísland niður og má þar nefna hlutfall útskrifaðra nema í raunvísindum og verkfræði (77. sæti), útflutning á vegum skapandi iðnaðar (105. sæti) og rafræna stjórnsýslu en þrátt fyrir gott aðgengi að netinu og almenna tölvunotkun eru stjórnvöld eftirbátur annarra ríkja á þessu sviði (60. sæti).

Mælt er hvað við leggjum fram til að örva nýsköpun annars vegar og svo hverju það skilar hins vegar. Samkvæmt mælikvarðanum dregur úr nýsköpun milli ára. Ísland er nú í 19. sæti á þann mælikvarða en var í 10. sæti árið 2017. Þannig dregur úr skilvirkni kerfisins og það skilar ekki sama árangri og áður. Nú er Ísland í 23. sæti hvað varðar skilvirkni kerfisins en var áður í 5. sæti.

**Spýtum í lófana**

Stjórnvöld vinna nú að mótun nýsköpunarstefnu. Það er sannarlega þarft verk enda viljum við ekki dragast aftur úr í samkeppni þjóða. Sú staðreynd að Ísland hefur hrapað um 10 sæti á listanum á milli ára er þörf áminning um að við megum engan tíma missa og enn mikilvægara verður að ljúka mótun nýsköpunarstefnu. Með markvissri uppbyggingu getur Ísland sannarlega orðið nýsköpunarland rétt eins og landslið Íslands í knattspyrnu gat á örskömmum tíma náð ótrúlegum árangri. Tíminn er núna.

# Góðar og slæmar fréttir hjá Netflix



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Uppgjör streymisveitunnar Netflix í fyrradag olli fjárfestum miklum vonbrigðum, en eina milljón nýrra áskrifenda vantaði upp á að áætlanir stæðust. Hlutabréfaverð tók dýfu þar sem fjölgun notenda er lykilatriði í rekstri fyrirtækisins og hefur hlutabréfaverð þess fallið í sér væntingar um áframhaldandi hraðan vöxt. Þrátt fyrir skellinn hefur verðið þó ríflega tvöfaldast undanfarið ár.

Jákvæðu fréttirnar eru þó að fyrir helgi voru tilnefningar til Emmy-verðlaunanna kynntar og fékk Netflix flestar allra sjónvarpsstöðva og -veitna, eða 112. Tilnefningarnar voru 91 í fyrra og 54 árið 2016. Þetta er afrakstur þess að umtalsvert meira fé hefur verið varið til kaupa og gerðar á sjónvarpefni, en reiknað er með að útgjöldin verði á pari við fjárlög íslenska ríkisins þetta árið.

**Hlutabréfaverð Netflix tók dýfu þar sem fjölgun notenda er lykilatriði í rekstri fyrirtækisins.**

Netflix er þó ekki eina fyrirtækið sem telur sóknarfæri í streymi. Fram undan er hörð samkeppni við Disney, sem hyggst setja sína eigin streymisveitu á fót á næsta ári og á auk þess meirihluta í Hulu, sem hlaut 27 tilnefningar til Emmy-verðlaunanna. Þá ver Amazon yfir 500 milljörðum króna í Prime video veituna sína í ár.

Þrátt fyrir heldur neikvætt yfirbragð uppgjörsins má finna þar einn afar áhugaverðan mola. Meirihluti teknanna er nú sóttur út fyrir Bandaríkin. Þar er vöxturinn víða mjög hraður og verður það væntanlega áfram. Sem fyrr er þó erfitt að spá fyrir um hvort forskot Netflix haldist, en með innkomu Disney á markaðinn á næsta ári mun svo sannarlega reyna á það.



Brenderup

# Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

## - mikið úrval aukahluta

### Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.



Frá 139.000,- m/vsk



Frá 389.000,- m/vsk

### Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn



Innbyggð geymsluhólf



Innfelldar krækjur



Fjöldi botnstífa



Aðeins 12° halli

### Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur

Burðargeta allt að 2.835 kg.



Frá 1.069.000,- m/vsk

MotorMax

Motormax ehf.
Vatnagarðar 12
Sími: 545 4040

### Söluaðilar Motormax:

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | TOPPBÍLAR | KRAFTVÉLAR | Kaupfélag Skagfirðinga |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Kletthálsi 2 | Dalvegur 6-8 | Ártorgi 1 |
| Garðabæ | 603 Akureyri | 260 Reykjanesbær | 800 Selfossi | 110 Reykjavík | 201 Kópavogur | 550 Sauðárkrókur |
| Sími: 570-5070 | Sími 460-4300 | Sími 420-6600 | Sími 480-8000 | Sími 587-2000 | Sími 535-3500 | Sími 455-4500 |

MARKAÐURINN
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 18. júlí 2018
FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is
Instagram fréttablaðsins @frettabladid

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Stórslysa-diplómasía

**Donald Trump** Bandaríkjaforseti hefur gert víðreist undanfarnar vikur á Evróputúr sínum. Fyrst fór hann í opinbera heimsókn til Bretlands og þaðan til Helsinki að hitta Vladimír Pútín Rússlandsforseta. Engu er logið þegar sagt er að Trump hafi gert allt vitlaust með orðum sínum og athöfnum. Í Bretlandi tókst honum að blanda sér í innanlandspólitík þarlendra á fordæmalausan hátt. Sagði May forsætisráðherra vera að mistakast hrapallega í viðræðum við Evrópusambandið vegna Brexit og lét hafa eftir sér að Boris Johnson, helsti andstæðingur May innan Íhaldsflokksins, yrði ákjósanlegur forsætisráðherra.

**Þetta** var allt saman áður en hann hitti May og síðan sjálfa Elísabetu Englandsdrottningu. Á fundinum með May virðist Trump hafa dregið eilítið úr svívirðingum í hennar garð en á þó að hafa ráðlagt henni að fara í mál við Evrópusambandið í tengslum við Brexit. Ekki fylgdi sögunni á hvaða grundvelli það skyldi vera. Trump lét síðan afar vel af kynnum sínum af drottningunni, en ef eitthvað er að marka sögusagnir úr Buckinghamhöll var sú jákvæða reynsla ekki gagnkvæm. Í Bretlandi lét Trump einnig hafa eftir sér að Evrópusambandið væri einn helsti „óvinur“ Bandaríkjanna. Sennilega átti Trump þar einungis við í samkeppnis- og viðskiptalegu tilliti. Það breytir því þó ekki að í ljósi sögunnar er afar óheppilegt að bandarískur forseti leyfi sér slíkt kæruleysi í orðavali.

**Áfram** hélt Trump svo til fundar við Pútín og voru sem fyrr mislagðar hendur. Hann hrósaði Pútín meira en viðeigandi þykir þegar einræðisherra á í hlut. Þá sagðist hann bera virðingu fyrir Pútín sem „andstæðingi“ og greip þar aftur í íþróttalíkingu sem ef til vill á ekki heima í alþjóðapólitík. Kjarni málsins er kannski sá að Trump nálgast stjórnmálin alveg eins og viðskipti eða íþróttakappleiki. Fólki og heilum þjóðum er skipt í bandamenn og andstæðinga. Eins og engir gráir tónar séu til, og ekkert sem heitir sameiginlegur ávinningur.

**Kannski** gekk sú nálgun ágætlega þegar Trump gekk eigin erinda í viðskiptum. Raunar fer tvennum sögum af því, en það dugði hið minnsta til að standa straum af íburðarmiklum lífsstíl. Alþjóðapólitík er hins vegar eilítið flóknari en svo: þar þarf að gera málamiðlanir og mistök geta haft voveiflegar afleiðingar fyrir milljónir manna. Því skulum við bara vona að næstu þrjú ár líði hratt og að Trump sækist ekki eftir endurkjöri.

ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Ragnar hættur og farinn úr hluthafahópnum

Ragnar Birgisson hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri Emmessís og selt allan sinn hlut í félaginu. Þetta staðfestir Gyða Dan Johansen, einn eigenda Emmessís, í samtali við Markaðinn.

Hún segir að Ragnar hafi látið af störfum í góðri sátt við stjórn félagsins og sé ekki lengur hluthafi. Frá starfslokum Ragnars hafi lykilstarfsmenn félagsins og stjórn þess stýrt daglegum rekstri og verði svo áfram þar til nýr framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn.


Ragnar Birgisson

Ragnar hóf störf sem framkvæmdastjóri Emmessíss vorið 2015. Hann kom inn í hluthafahópinn rúmu ári síðar þegar hópur fjárfesta undir forystu Einars Arnar Jónssonar, sem er oftast kenndur við Nóatún, keypti ísgerðina af fagfjárfestingarsjóðnum AREV N1. Samkvæmt ársreikningi Emmessíss fyrir árið 2016 átti Ragnar 14 prósenta hlut í félaginu. – tfh

12.07.2018

**Allt tal um að ferðaþjónustan sé að hrynja er heldur skringilegt. Ferðaþjónustan er komin til að vera sem grundvallaratvinnugrein.**

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar



SHARP®
Afgreiðslukerfi

- Viðskiptamannakerfi
- Starfsmannaplan
- Aðgangsstýring / þóknun / stjórn starfsmanna
- Stimpilklukka / mismunandi yfirvinnutegundir / dagvinna / yfirvinna / næturvinna
- Lagerkerfi / birgjakerfi / Innkaupapantanir
- Sending á upplýsingum / tilboð til viðskiptavina. Eftir sölusögu/punktastöðu/staðsetningu ofl.
- Tímastillt tilboð og verðbreyting
- Mismunandi hnappaútlit fyrir notendur
- Gjafakortakerfi / SMS gjafakort
- Sjálfvirk sending á uppgjöri í tölvupósti
- Uppfærslur og þjónusta í fjartengingu
- Útreikningur erlendra gjaldmiðla
- Fastir textar og frjáls textainnsláttur á reikninga
- Sjálfvirk afritunartaka og vistun
- Hospitality
- Teikna upp mynd af borðum / sölum
- Skipta reikning
- Flytja reikning milli borða
- Sjálfvirk skipting á eldhúsprentun /forréttir > Aðalréttir ofl
- Fastir textar og frjáls textainnsláttur á eldhúsprentun og reikninga
- Prentun yfirlits af borðum
- Sýnir tíma og upphæð á borðum
- Borðapantanir / sending á staðfestingu – áminningu með SMS eða tölvupósti
- Kerfi fyrir útprentun á biðröð
- Leigukerfi t.d. fyrir hjólaleigu ofl.



RZE701





Nánari upplýsingar um kerfið, verð, tilboð og annað gefur
Guðmundur Úlfarsson : gudmundurorn@ormsson.is

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800




## HÁGÆÐA DANSKAR

# ELDHÚSINNRÉTTINGAR

TRUSTPILOT
Nettoline fær 5 stjörnur frá dönskum gagnrýnendum









### ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska.

### GOTT SKIPULAG

Það getur verið mikil kúnst að nýta pláss á sem bestan máta. Með fjölbreyttum skápalausnum frá Friform á hver hlutur sinn stað. Gott skipulag léttir þér lífið og sparar bæði tíma og fyrirhöfn.

### VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

### OPIÐ:

Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Lokað á laugardögum í sumar.

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Suðlæg átt, 3-10 í dag og þykknar upp S- og V-lands með dálítilli vætu við ströndina en síðan rigningu í kvöld, jafnvel talsverðri á SV- og S-landi. Víða bjartviðri fyrir austan. Hiti 9 til 19 stig, hlýjast á NA-landi.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° ↘ 4 | 9° ↗ 1 | 14° ↘ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 16° ↓ 5 | 12° ↑ 2 | 12° ↓ 4 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° ↑ 5 | 8° ↑ 6 | 16° ↗ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 16° ↑ 6 | 11° ↖ 2 | 9° ↑ 9 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 9 | 4 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 7 | 5 | 1 | 9 | | 4 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | 9 | |
| | 8 | | 1 | 7 | | 3 | | 5 |
| | | | | 4 | | 8 | | 7 |
| 8 | | 4 | | | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 1 | | 3 | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |
| 3 | | | | 7 | 5 | | | 1 |
| 5 | 7 | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | | | | | 4 | | 1 | |
| | 2 | | | | | | | 8 |
| 6 | | | | 2 | 9 | | | |
| 9 | 3 | 1 | 5 | | | | 7 | |
| | | | | 3 | | 5 | 6 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | | 1 | |
| 1 | | 7 | 8 | | | | | |
| 9 | | | 1 | | 4 | 8 | | 6 |
| | | 6 | | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 5 | 4 | | 8 | | | 9 | |
| 2 | | | 5 | | 9 | 4 | | |
| | | | | | 1 | | 8 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 2 | 6 | 8 | 5 | 1 | 9 | 4 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 7 | 1 | 6 | 2 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 1 | 6 | 7 | 5 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 | 1 | 3 | 9 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 2 | 9 | 7 | 1 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 | 3 | 2 | 9 |
| 1 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 | 6 |
| 3 | 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. gel
5. tré
6. rómversk tala
8. kös
10. í röð
11. háttur
12. skógur
13. fljótræði
15. fjárnám
17. dunda

**LÓÐRÉTT**
1. mælieining
2. gáðu
3. mjaka
4. krydd
7. randalín
9. jurt
12. kvið
14. reglur
16. frá




**LÁRÉTT:** 1. hlaup, 5. eik, 6. il, 8. stappa, 10. tu, 11. lag, 12. mörk, 13. flan, 15. lögtak, 17. gaufa. **LÓÐRÉTT:** 1. hestafl, 2. litu, 3. aka, 4. pipar, 7. lag-kaka, 9. plöntu, 12. maga, 14. lög, 16. af.

## Skák Gunnar Björnsson

Ed. Lasker átti leik gegn Englund árið 1913 í Schevenningen.

**Hvítur á leik**



**1. Dxc6+! bxc6 2. Ba6# 1-0.** Sumarmót í Selvík fer fram á morgun. Allar upplýsingar um mótshaldið á skak.is.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Verkfæri í miklu úrvali
VIAir 12V loftdælur í miklu úvali.
Jeppatjakkur 2.25t 52cm.
17.995
METABO Bútsög KS216
16.995
Verðmætaskápar
frá 4.995
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17




Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn einelti.




VILT ÞÚ SKAPA ÞÉR VINNU?
Til sölu allur búnaður og mikið af efni úr starfandi innrömmun.
Öll tæki eru í góðu ástandi og í fullri notkun í dag.
Rafknúinn geirungshnífur – Kartonskurðarhnífur (sker einnig hringi og sporöskju) – Loftpressa – Gler- og bakskurðarhnífur – Heitlímingarpressa (tekur allt að 100x160 cm) – Neglingavél fyrir ramma – Högghnífur – Bakheftibyssur – Standar og yfirleitt allt sem þarf til að reka innrömmunarþjónustu
Upplýsingar veitir Stefán Vagnsson hjá Innrömmun Kópavogs, s: 893 3650, stefan@innrommunkopavogs.is
Fleiri myndir er að finna á Facebook-síðunni Innrömmun Kópavogs
Opið laugardag og sunnudag 10-17




jeep.is
MÁN
ÞRI
MIÐ
FIM
FÖS
LAU
SUN
Cherokee
JEEP® CHEROKEE LONGITUDE
JEEP® 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.
AUKAHLUTAPAKKI AÐ VERÐMÆTI 860.000 KR. FYLGIR FRÍTT MEÐ.
VERÐ 6.690.000 KR.
DÍSEL 2.2 185 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTUR.
AUKAHLUTAPAKKI: MÁLMLITUR, 18" ÁLFELGUR, 30" DEKK, 8,4" SKJÁR, LEIÐSÖGUKERFI OG PREMIUM HLJÓÐKERFI, LYKILLAUST AÐGENGI, FJARSTART OG RAFMAGNS AFTURHLERI. TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI.
Jeep
THERE'S ONLY ONE
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP, Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 4. ÁGÚST

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING






Óskar og Ife hafa lengi komið fram saman. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Brasilískir tónar

## Vinirnir Óskar og Ife koma fram í Mengi í kvöld. Geisladiskur er væntanlegur og þar eru öll lögin eftir Íslandsvininn Ife.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Vinirnir Óskar Guðjónsson saxófónleikari og brasilíski söngvarinn og gítarleikarinn Ife Tolentino koma fram á tónleikum í Mengi í kvöld, miðvikudagskvöldið 18. júlí.

„Við spilum brasilíska tónlist en Ife er Brasilíumaður og fylgir brasilískri tónlistarhefð þar sem tónlistarmaðurinn spilar á klassískan gítar og syngur söngva um ástina og lífið. Við leikum bossa nova og samba og fleira,“ segir Óskar. „Það má segja að þetta sé hugmynd frá Matthíasi Hemstock trommuleikara sem kom á síðustu tónleika okkar í Mengi í apríl og sagðist eftir það vilja taka upp tónleika með okkur. Hann fær tækifæri til þess núna.“

### Besti brasilíski söngvarinn

Óskar og Ife kynntust í London. „Árið 1999 flutti ég til Bretlands, var að elta konuna mína sem var að fara í nám,“ segir Óskar. „Ég hafði skömmu áður spilað brasilíska tónlist hér heima og heillaðist gjörsamlega af þessari melódísku tónlist sem er svo fínleg, mjúk og seiðandi. Ég ákvað að komast í kynni við Brasilíumann og kynnast þessari tónlist betur í gegnum hann. Í Bretlandi hitti ég þýska stúlku og spurði hana hvort hún þekkti brasilískan tónlistarmann. Hún sagðist vera gift besta brasilíska söngvaranum og bauð mér að koma á veitingastað þar sem þau spiluðu reglulega. Ég fékk að hoppa upp á svið með þeim og spila. Það var afskaplega auðvelt fyrir okkur Ife að spila saman og mjög gaman þannig að við urðum vinir. Frá árinu 2002 hefur Ife komið reglulega til Íslands og spilað með mér og fleiri íslenskum tónlistarmönnum. Hann er orðinn eins og hluti af fjölskyldunni og kom í fermingu sonar míns í apríl.“

**HÚN SAGÐIST VERA GIFT BESTA BRASILÍSKA SÖNGVARANUM OG BAUÐ MÉR AÐ KOMA Á VEITINGASTAÐ ÞAR SEM ÞAU SPILUÐU REGLULEGA.**

### Nýr diskur á leiðinni

Árið 2012 sendu vinirnir frá sér geisladiskinn Voce passou aqui. Árið 2016 fóru þeir aftur saman í stúdíó og tóku upp disk og nú er komið að því að ljúka við eftirvinnsluna á honum. „Á þessari nýju plötu eru eingöngu lög eftir Ife sem segja má að ég hafi dregið upp úr skúffunum hjá honum,“ segir Óskar. „Á fyrstu plötunni okkar eru lög eftir stærstu tónskáld Brasilíu og þegar ég bar þau saman við lögin eftir Ife á þeirri plötu þá komst ég að því að hans lög eru alveg á pari við þessi frægu lög. Ég fór að pressa á Ife og spyrja hvort hann ætti ekki fleiri lög og hvort hann langaði ekki til að sýna mér eitthvað af þeim. Ég held ég hafi ýtt við honum að fara í skúffuna og klára eitthvað af þeim.“

Ife staðfestir þetta: „Óskar vildi fá lög eftir mig á nýju plötuna svo ég gramsaði í skúffum og fann gömul lög allt frá árinu 1976 og svo yngri og nýlegri. Ég hef útsett mörg þeirra upp á nýtt. Maður semur lag og finnst það óskaplega fínt en þegar maður skoðar það mörgum árum seinna þá finnst manni að ýmislegt þurfi að laga.“

Ife segist ekki gera mikið af því að semja texta við lög sín en frá því eru undantekningar og hann segist til dæmis hafa samið lag með texta um dóttur sína þegar hún var nýfædd. Textarnir á hinum væntanlega geisladiski eru eftir vin hans.

Ife er mikill Íslandsvinur: „Hér er víðátta, þögn og friðsæld. Að vera á Íslandi er nánast eins og heilun. Ég kem hingað á hverju ári, eitt árið komst ég ekki og þá kom ég tvisvar næsta ár. Ef endurfæðing er til þá hef ég örugglega verið hér á fyrri tilvistarstigum.“



# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 18. JÚLÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Íslandsferð Sophie Smout og Sophie Ramsay
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
„Eyjar“ er tónlistarlegt ferðalag þeirra Sophie Ramsay og Sarah Smout, þar sem kannað er samband mannsins við náttúru í gegnum söng, sögur, flóð, fjöru og tíma. Ferðalagið byrjaði í Skotlandi en þaðan sigldu þær til Hjaltlandseyja, þá til Færeyja og loks til Íslands, þar sem þær vinna með tónlistarfólki úr heimabyggð og halda tónleika – nú með Ösp Eldjárn og Kristjönu Arngrímsdóttur.

**Hvað?** Tónleikar: The Metropolitan Flute Orchestra og Íslenski flautukórinn
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
The Metropolitan Flute Orchestra frá Boston Massachusetts og Íslenski flautukórinn halda tónleika í Norðurljósasal Hörpu kl. 20.00, miðvikudaginn 18. júlí.

**Hvað?** Tina Dickow & Helgi Jónsson (DA/IS) –Tónleikaröð Norræna hússins
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Norræna húsið
Tina Dickow (eða Tina Dico) frá Danmörku og Helgi Hrafn Jónsson frá Íslandi eru þekktir tónlistarmenn í sínu heimalandi. Tina hefur gefið út tíu plötur, og Helgi Hrafn er þekkt söngvaskáld og „sessionleikari“ sem fór m.a. í tónleikaferðalag með Sigur Rós.

**Hvað?** Góss
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Enn og aftur ákveður tónlistarfólk að hefja tónleikaferðir sínar í Bæjarbíói og nú er það Góss. Tveir af ástsælustu söngvurum landsins, þau Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson, ætla annað sumarið í röð að leggja land undir fót og koma fram á nokkrum vel völdum tónleikum víðsvegar um land undir nafninu Góss.

**Hvað?** Ásgeir spilar á Hendur í höfn
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hendur í höfn, Þorlákshöfn
Ásgeir heldur í fyrsta skipti í tónleikaferðalag um Ísland þar sem hann kemur fram á alls 14 tónleikum. Á tónleikunum frumflytur hann m.a. glænýtt efni sem mun prýða hans þriðju plötu sem væntanleg er í upphafi næsta árs. Forsala er hafin á tónleikana á Miði.is. Miðaverð er krónur 4.500.

### Viðburðir

**Hvað?** Dagur íslenska fjárhundsins á Árbæjarsafni
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Í dag verður haldið upp á dag íslenska fjárhundsins á Árbæjarsafni. Það verða nokkrir hundar og eigendur þeirra á staðnum en þeir munu glaðir svara öllum spurningum um íslenska fjárhundinn. Hundarnir eru ljúfir og spakir og er óhætt að klappa þeim með leyfi eigenda. Einnig verður á safninu sýnd stuttmynd um hundinn, sögu hans og hlutverk. Í haga er jafnframt að finna hesta, kindur og lömb og í Dillonshúsi verður heitt á könnunni og heimilislegar veitingar. Dagskráin stendur yfir frá kl. 14-16 en safnið er opið 10-17. Ókeypis aðgangur fyrir börn, eldri borgara og öryrkja.



GÓSS hefur ferð sína um landið í Bæjarbíói í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

**Hvað?** Menningarveisla Sólheima
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Sólheimar
Verslun, kaffihús og sýningar verða opin frá klukkan 12.00- 19.30 alla daga í sumar. Þetta er í þrettánda skipti sem Menningarveisla Sólheima er haldin. Íbúar Sólheima bjóða gestum að koma í heimsókn og kynnast starfinu og þeim gildum sem Sólheimar standa fyrir og starfað er eftir, þ.e. kærleikur, virðing, sköpunargleði og fagmennska.

### Sýningar

**Hvað?** Mannfræði á krakkamáli
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi
Á sýningunni má sjá afrakstur vinnusmiðju þar sem krakkar á aldrinum 9-12 ára unnu á skapandi hátt með fyrirbærið þjóð. Umsjónarkonur smiðjunnar lögðu fram spurningar og umræðukveikjur, krakkarnir ræddu eigin reynslu og hugmyndir og notuðu ímyndunaraflið til að túlka þær í myndmáli og texta. Sýningin stendur til 24. ágúst.





Bosch hefur í eina og hálfa öld haft það að markmiði að auðvelda daglegt líf fólks. Nú eru **60 ár** liðin frá því að **fyrsta sjálfvirka Bosch þvottavélin** fór í framleiðslu.

Af þessu tilefni bjóðum við nú **glænýja Bosch þvottavél** á **einstaklega hagstæðu verði**.

Vél þessi er búin **langflestum þeim þvottakostum** sem menn þurfa á að halda í dagsins önn. Hún tekur mest 9 kg og er með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð. Tromlan fer einstaklega vel með þvottinn. 15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar var leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta.

Gildir til og með 31. júlí eða á meðan birgðir endast.

Framúrskarandi fyrirtæki

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



GREYZONE
KL. 21:00

Hryðjuverkamenn hyggjast láta til skarar skríða í Skandinavíu og lendir verkfræðingurinn Victoria í ógnvænlegri atburðarás. **Norræn spennuþáttaröð eins og þær gerast bestar.**




**Frábær miðvikudagur**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**



THE BOLD TYPE
KL. 20:15

Frábærir þættir um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tískutímariti . Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiðu tískunnar í New York og það þekkja vinkonurnar.

NASHVILLE
KL. 21:45

Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



THE WIZARD OF LIES
BÍÓ
KL. 22:00

Fjármálamógulinn Bernard Madoff var sakfelldur fyrir stórfellt fjármálamisferli sem hefur verið kallað eitt stærsta píramídasvindl sögunnar.



3
THE NEWSROOM
KL. 21:15

Dramatískir þættir sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.** **stod2.is**




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Strákarnir** Sveppi, Auddi, Pétur Jóhann og meðreiðarsveinar þeirra Hugi, Atli og Gunni eru í banastuði um þessar mundir og láta gamminn geisa fjögur kvöld í viku frá mánudegi til fimmtudags. Meðal efnis hjá þeim eru hin gamla góða falda myndavél, áskoranir með nýju sniði, skjáauglýsingar, stjórnunin sívinsæla, íþróttafréttir í umsjá Gunna og svo koma að sjálfsögðu góðir gestir í heimsókn og láta Strákana spila laglega með sig.
**07.45 Lína langsokkur**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 First Dates**
**11.05 Grand Designs**
**11.55 The Good Doctor**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Project Runway**
**13.50 The Path**
**14.45 Heilsugengið**
**15.10 The Night Shift**
**15.55 Cats v Dogs. Which is Best?** Skemmtilegur heimildarþáttur í tveimur hlutum. Chris Packhman og Liz Bonnin fara yfir kosti og galla hunda og katta og reyna að svara þeirri spurningu sem hefur brunnið á vörum katta- og hundaunnenda í áraraðir, hvor tegundin er betri? Chris og Liz fara í gegnum rannsóknir á þessu sviði ásamt því að taka til greina almannaálit á hinum loðnu vinum mannsins.
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen** Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinsælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa skemmtilegt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**19.05 Fréttayfirlit og veður**
**19.10 Modern Family**
**19.30 Mom**
**19.55 The New Girl**
**20.20 The Bold Type**
**21.05 Greyzone**
**21.50 Nashville**
**22.35 High Maintenance**
**23.05 NCIS**
**23.45 Lethal Weapon**
**00.30 Animal Kingdom**
**01.15 We Don't Belong Here**
**02.45 Tin Star**
**03.35 Tin Star**
**04.25 Unreal**
**05.10 Unreal**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.50 Pepsí deild kvenna**
**09.30 Inkasso deildin**
**11.10 Fyrir Ísland**
**11.50 UEFA - Forkeppni Evrópudeildarinnar**
**13.35 Pepsímörkin**
**15.05 Pepsí deild karla**
**16.50 Pepsí deild kvenna**
**18.30 Premier League World**
**19.00 Mjólkurbikar karla**
**21.15 Pepsímörkin**
**22.45 UFC Live Events**
**06.50 Mjólkurbikar karla**

## STÖÐ 3

**15.34 The Detour**
**19.10 The New Girl**
**19.35 Last Man Standing**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Two and a Half Men**
**21.15 The Newsroom**
**22.10 The Hundred**
**22.55 Famous In Love**
**00.05 The New Girl**
**00.30 Seinfeld**
**00.55 Friends**
**01.20 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00 Áfram Diego, áfram!**
**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Lalli**
**07.55 Pingu**
**08.00 Strumparnir**
**08.25 Ævintýraferðin**
**08.37 Hvellur keppnisbíll**
**08.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00 Stóri og Litli**
**09.13 Töfrahetjurnar**
**09.27 K3**
**09.38 Tindur**
**09.48 Mæja býfluga**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.54 Pingu**
**12.00 Strumparnir**
**12.25 Ævintýraferðin**
**12.37 Hvellur keppnisbíll**
**12.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00 Stóri og Litli**
**13.13 Töfrahetjurnar**
**13.27 K3**
**13.38 Tindur**
**13.48 Mæja býfluga**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.54 Pingu**
**16.00 Strumparnir**
**16.25 Ævintýraferðin**
**16.37 Hvellur keppnisbíll**
**16.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00 Stóri og Litli**
**17.13 Töfrahetjurnar**
**17.27 K3**
**17.38 Tindur**
**17.48 Mæja býfluga**
**18.00 Dóra könnuður**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00 Kalli á þakinu**

**Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00 John Deer Classic**
**13.00 Golfing World**
**13.50 John Deer Classic**
**19.00 Champions Tour Highlights**
**19.55 Golfing World 2018**
**20.45 Marathon Classic**
**22.45 Marathon Classic**
**05.30 The Open Championship**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.10 The Day After Tomorrow**
**13.10 Tumbledown**
**14.55 The Cobbler**
**16.35 The Day After Tomorrow** Sláandi raunsæ, vel gerð og æsispennandi stórslysamynd sem fjallar um það hvað gæti gerst ef spár svartsýnustu veðurfræðinga og umhverfissérfræðinga yrðu að veruleika. Þeir telja að gróðurhúsaáhrif og önnur mannanna verk kunni að valda meiri háttar veðurbreytingum; svo miklum að jöklar bráðni, úthöf flæði yfir land og straumbreytingar geti af sér nýja ísöld.
**18.35 Tumbledown**
**20.20 The Cobbler** Dramatísk gamanmynd frá 2014 með Adam Sandler í aðalhlutverki. Max Simkin gerir við skó á skósmíðaverkstæði sem hefur verið í eigu fjölskyldu hans í marga ættliði. Simkin er ekkert allt of sáttur við þetta líf, og rekst einn daginn á erfðagrip sem er gæddur töframætti, sem gerir honum kleift að setja sig í spor viðskiptavina sinna og sjá heiminn eins og þeir sjá hann.
**22.00 The Wizard of Lies**
**00.15 Max Steel**
**01.50 Decoding Annie Parker**
**03.30 The Wizard of Lies**

## RÚV

**12.45 Þingfundur á Þingvöllum**
**16.10 Vesturfarar**
**16.50 Bergman á Íslandi 1986**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Tré-Fú Tom**
**18.22 Krakkastígur**
**18.27 Sanjay og Craig**
**18.50 Vísindahorn Ævars**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Þingfundur á Þingvöllum - samantekt**
**20.20 Þingvellir - þjóðgarður á heimsminjaskrá**
**21.15 Neyðarvaktin**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Mandela. Gangan langa til frelsis Mandela.**
**00.40 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**00.45 CSI Miami**
**01.30 Fargo**
**02.15 The Resident**
**03.05 Quantico**
**03.50 Incorporated**
**04.35 Síminn + Spotify**
**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.40 The Tonight Show**
**09.20 The Late Late Show**
**10.00 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.25 King of Queens**
**12.50 How I Met Your Mother**
**13.10 Dr. Phil**
**13.50 Odd Mom Out**
**14.15 Royal Pains**
**15.00 Solsidan**
**15.25 LA to Vegas**
**15.50 Flökkulíf**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 American Housewife**
**20.10 Kevin (Probably) Saves the World**
**21.00 The Resident**
**21.50 Quantico**
**22.35 Incorporated**
**23.25 The Tonight Show**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# Markaðurinn ER Á FRETTABLADID.IS

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinagóða umfjöllun af viðskiptalífinu.

Fylgstu með á frettabladid.is/markadurinn




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS



Sólstafir hafa spilað þungarokk lengur en margir gestir Eistnaflugs hafa verið á lífi.



Það er alltaf fjör á tjaldsvæðinu í Neskaupstað á meðan hátíðin stendur yfir. MYNDIR/RONALD ROGGE



Þessir hraustu piltar hentu hver öðrum áreiðanlega til og frá í þvögunni.

# Sól, rokk og ról á Eistnaflugi

Rokkhátíðin friðsama Eistnaflug fór fram í Neskaupstað um helgina. Þar var enginn fáviti frekar en á fyrri hátíðum og heill hellingur af rokktónlist var leikinn við góðar undirtektir.



Og svo er slammað duglega þegar tónlistin er þess verðug.



Fleiri vel skreyttir og hressir krakkar.



Hatari fór alla leið í búningamálum, eins og sveitin gerir alltaf.



Gestir hátíðarinnar skarta margir hverjir íburðarmiklum andlitsskreytingum í takt við þema tónlistarinnar sem hátíðin sérhæfir sig í.

PHO VIETNAMESE

VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í ASÍSKRI MATARGERÐ.

HOLLUR OG LJÚFFENGUR MATUR.

Vietnamese restaurant
Laugavegi 27 og
Suðurlandsbraut 8
sími: 588 6868

pho.is



HÓTEL – GISTIHÚS – HEIMILI
RÝMINGARSALA – FRÁBÆR VERÐ



Rýmingarsala í júlí!

Speglar af mörgum stærðum og gerðum – hundruð mynda í eldhús, barnaherbergi, stofuna og stigaganginn. Tilvalið í afmælis- og jólagjafir.

ALLT Á AÐ SELJAST!



Innrömmun Kópavogs,
Hlíðasmára 11,
gegnt Smára Hótel
Opið laugardag og sunnudag 10-17


BILLY
IDOL
LIVE!
LAUGARDALSHÖLL · 1. ÁGÚST
MIÐASALA HAFIN Á TIX.IS









Helga Árnadóttir og Signý Kolbeinsdóttir, eigendur Tulipop, stofnuðu fyrirtækið árið 2010. MYND/SAGA SIG

# Tulipop með nýja seríu í bígerð

**Tulipop hefur náð samningum við stórfyrirtækið Zodiak Kids sem mun framleiða með þeim teiknimyndaseríu sem dreift verður alþjóðlega. Tulipop hefur áður framleitt teiknimyndaseríu sem hefur verið vinsæl á YouTube.**

Tulipop vinnur nú að framleiðslu stórrar sjónvarpsþáttaraðar byggðar á ævintýraheimi fyrirtækisins og persónum. Með þeim í verkefninu er stórfyrirtækið Zodiak Kids en það mun framleiða seríuna í samstarfi við Tulipop og sjá um alþjóðlega sölu og dreifingu.

„Vinnan við þróun þessarar sjónvarpsseríu hófst fyrir 18 mánuðum en þá fengum við til liðs við okkur sterkan hóp reynslubolta í teiknimyndabransanum til að þróa handrit og búa til stuttmynd sem sýnir útlitið sem við viljum hafa á seríunni. Við kynntum verkefnið á Cartoon Forum í Toulouse í Frakklandi í september í fyrra og á MIP Junior í Cannes í október sem það fékk frábærar viðtökur og í kjölfarið hófust viðræður við aðila sem lýstu yfir áhuga á samstarfi.

Eftir að hafa rætt við marga mögulega meðframleiðendur þá leist okkur best á Zodiak. Fyrirtækið deilir okkar sýn á hvernig sjónvarpsserían á að vera auk þess sem það er traust og stórt fyrirtæki sem hefur burði til búa til hágæðasjónvarpsseríu og koma henni í sýningu um allan heim. Zodiak er mjög virt fyrirtæki í þessum geira og af því fer gott orð sem skiptir miklu máli,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Tulipop.

Zodiak Kids er krakkaarmur franska fyrirtækisins Zodiak Media sem hefur framleitt efni og dreift um allan heim um árabil.

Í seríunni sem Zodiak Kids framleiðir með Tulipop verða 52 þættir og verður hver þáttur ellefu mínútur. Framleiðslan mun kosta um 700 milljónir króna. Helga segir að Tulipop njóti dýrmæts stuðnings frá Kvikmyndasjóði við verkefnið. Seríunni verði dreift víða um heiminn og á fjölda tungumála.

„Hér er um að ræða lengri teiknimyndaþætti en við höfum áður framleitt og það verður mjög mikið lagt í þessa seríu. Nú fer af stað lokahnykkurinn í þróunarvinnu á þáttunum og vinna með handritshöfundum. Formleg sala mun hefjast á MIP-hátíðinni í Cannes í október og ef allt gengur að óskum fer svo framleiðsla af stað fyrir lok næsta árs og serían í sýningar fyrir lok árs 2020. Zodiak mun sjá um alþjóðlega sölu og dreifingu á seríunni, en Norðurlöndin eru undanskilin og gert er ráð fyrir að Tulipop selji beint til þeirra landa,“ segir Helga.

Tulipop hefur framleitt örstutta þætti, tveggja og hálfrar mínútu langa, sem nú eru sýndir á RÚV en líka á ensku á YouTube þar sem þeir hafa notið mikilla vinsælda og eru með hátt í tvær milljónir áhorfa.

„Við erum að undirbúa að setja þættina í loftið á þýsku og spænsku á næstu vikum á YouTube og erum með seríu tvö í framleiðslu sem fer í loftið á RÚV í haust.

stefanthor@frettabladid.is



Ólafur Darri talar inn á fyrri teiknimyndaseríu Tulipop á íslensku og ensku.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


GLAMOUR
Komið í allar helstu verslanir
GLAMOUR
Ísland
júlí/ágúst '18
Falin perla í Reykjavík
Innlit á heimili sem er sveit í borg.
„Þegar upp er staðið stendur þú einn"
Mæðgurnar Hanna María, Katla og Saga Sig um mæðgnasambandið, kvennabaráttu og femínisma.
Látum okkur DREYMA um sumar og sól
Íslenskt tískutímarit

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is Ef blaðið berst ekki 800 1177


BAKÞANKAR

Davíðs Þorlákssonar



# Verslun virkar

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur hafið tollastríð með því að leggja tolla á stál, ál og kínverskar vörur auk þess sem boðaðir hafa verið tollar á bíla og bílahluti. Það er gert undir því yfirskyni að verið sé að standa vörð um störf heima fyrir með því að leggja tolla á erlend ríki. Þetta hefur vakið lukku hjá sumum kjósendum hans, en atvinnulífið er ekki sátt. Tollar Trumps eru nefnilega ekkert annað en skattahækkun á bandaríska neytendur og fyrirtæki. Þar á meðal eru framleiðendur, bændur og tæknifyrirtæki sem munu öll borga meira fyrir algengar vörur og efni.

Kína, Evrópusambandið, Mexíkó og Kanada hafa svarað fyrir sig með því að leggja á, eða tilkynna um, tolla fyrir milljarða dollara. Þau viðbrögð voru vel fyrirsjáanleg. Þeir tollar munu gera bandarískar vörur dýrari sem mun leiða til minni sölu og tapaðra starfa.

Helmingur allra starfa í framleiðslu í Bandaríkjunum reiðir sig á útflutning og í eina af hverjum þremur ekrum af ræktarlandi er plantað fyrir útflutning. Aðgerðir Trumps ógna allt að 2,6 milljónum starfa og gætu haft mjög slæm áhrif á hagkerfið. Sömu sögu er að segja af hinum löndunum. Í tollastríði, eins og stríði almennt, eru engir sigurvegarar.

Verslun og viðskipti eru nefnilega ekki bara einkamál fyrirtækja. Frjáls viðskipti fjölga störfum og auka svigrúm til launahækkana. Þau skila gjaldeyri og sköttum sem standa undir velferðarkerfinu. Trump hefur breytt flaggskipi kapítalismans að þessu leyti í gamaldags land sem leggur stein í götu verslunar og viðskipta.










WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS